



Samtök fræðslu-og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

ÁRSSKÝRSLA 2004 - 2005

STJÓRN KVASIS 2004-2005
Inga Sigurðardóttir, formaður
Bryndís Þráinsdóttir, ritari
Jón Hjartarson, gjaldkeri

Stjórnarfundir

Fyrsti fundur stjórnar var haldin í lok vorfundar sem haldinn var í Keflavík. Þar skipti stjórnin með sér verkum, Inga Sigurðardóttir tók að sér hlutverk formanns, Bryndís Práinsdóttir hlutverk ritara og Jón Hjartarson hlutverk gjaldkera.

Á starfsárinu hélt stjórnin 13 formlega stjórnarfundi.

Stjórnarfundir Kvasis starfsárið 2004 til 2005			
Fundir	Staður	Dags.	Dagskrá
1.	Keflavík	30.04.2004	Stjórn skiptir með sér verkum
2.	HÍ	26.05.2004	Ályktanir vorfundar Kvasis, framtíðarverkefni og fjármál
3.	HA	22.06.2004	Fjarkennslumál HA
4.	FA	25.06.2004	Samningur við FA
5.	Mennt	01.10.2004	Fjárlaganefnd og haustfundur Kvasis
6.	KHÍ	28.10.2004	Fjárlaganefnd og haustfundur Kvasis
7.	101 Reyk	01.11.2004	Fjárlaganefnd og haustfundur Kvasis
8.	Egilsstaðir	17.11.2004	Undirbúningur haustfundar
9.	Selfoss	14.01.2005	Úrvinnsla haustf
10.	Selfoss	10.02.2005	THÍ o.fl
11.	Selfoss	29.03.2005	Undirbúningur vorfundar
12.	Sauðárkr.	21.04.2005	Undirbúningur vorfundar
13.	Grundarf.	25.04.2005	Undirbúningur vorfundar

Verkefni

Fjármögnun

Óskað var eftir því að fjárlaganefnd tryggði grunnrekstur miðstöðvanna árið 2005 með tveimur stöðugildum, þ.e. framlag verði að lágmarki kr. 14.9 millj. til hverrar miðstöðvar:

Starfsmannahald	9,1 millj.	FS-netið	1,3 millj.
Aðstaða	3,5 millj.	Sérverkefni	1,0 millj

Niðurstaða fjárlaganna 2005 var að hver miðstöð fékk 9,5 milljónir í grunnrekstur sem er 500 þúsund króna hækkun frá fyrra ári. 11,2 milljónir eru vegna FS netsins eða 1240 þúsund á hverja miðstöð sem dugir fyrir 100 mbs tengingu miðstöðvanna.

Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins

Í kjölfar utandagskrárumræðu á alþingi um málefni símenntunarmiðstöðvanna (að frumkvæðu Önnu Kristínar Gunnarsdóttur alþingismanns) tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að hún hyggðist stofna starfshóp til að fjalla um málefni miðstöðvanna. Kvasir fékk að tilnefna tvo í hópinn og þeir eru Jón Hjartarson Fræðsluneti Suðurlands og Katrín D. Þorsteinsdóttir SÍMEY. Inga Sigurðardóttir tók við sem varamaður Jóns í veikindum hans. Auk þeirra skipa hópinn;

Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður ráðherra og formaður hópsins
Arnór Guðmundsson, þróunarstjóri, fulltrúi mmr
Stefán Stefánsson, deildarstjóri, fulltrúi mmr
Rögnvaldur Ólafsson, dósent HÍ, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins
Ögmundur Knútsson, framkv.stj. starfsþróunar og stefnumótunar HA, fulltrúi
samstarfsnefndar háskólastigsins
Jens Pétur Hjaltested, sérfræðingur mmr og starfsmaður hópsins

Starfshópnum var ætlað að fjalla um *opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins* og átti að skila af sér niðurstöðum eigi síðar en í september 2004.

Hópurinn er að ljúka störfum um þessar mundir (apríl 2005) og stefnt er að undirskrift skýrslu hópsins í byrjun maí en niðurstöður verða ekki birtar fyrr.

Menntabrúin

Framkvæmdastjórar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna níu skrifuðu undir samning um eignaraðild, notkun og rekstur Menntabrúarinnar í desember. Fulltrúi Kvasis í stjórn hennar er Sigurður Ólafsson. Notendur brúarinnar eru samála um að hún hafi staðið sig með prýði og breytt verulega til batnaðar aðstöðu til myndfunda og fjarnáms.

Stofnun heildarsamtaka fullorðinsfræðsluáðila

Unnið hefur verið að stofnun samtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi og voru þau formlega stofnuð 25. apríl s.l. Smári Haraldsson situr í undirbúningshópnum sem vann að stofnuninni og er honum þakkað fyrir góð störf þar.

Erlend samskipti

Erlend samskipti á árinu hafa verið mjög lítil. Einu formlegu samtökin sem Kvasir er aðili að eru EAEA. Enginn hefur sótt fundi þeirra á vegum miðstöðvanna og þeirri spurningu verið velt upp hvort ástæða sé til að halda áfram í samtökum sem hafa eingöngu í för með sér útgjöld.

Nordplus voxen.

Kvasir er aðili að umsókn um styrk til samstarfsverkefnis á vegum Nordplus voxen áætlunarinnar ásamt aðilum á hinum Norðurlöndunum. Verkefnið kallast: „Realkompetence i folkeoplysningen – udvikling af fælles nordisk forståelse baseret på tværnordiske metoder“, sem eins og nafnið gefur til kynna fjallar um raunfærnimat.

Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins um símenntun.

Menntamálaráðuneytið skipaði í október í sjö manna verkefnisstjórn um símenntun til þriggja ára. Óskað var eftir tilnefningu frá Kvasi og varð Guðmundína Sæmundsdóttir fyrir valinu en hún er einnig fulltrúi Kvasis í Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins um Víku símenntunar.

Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er m.a. að

- athuga hvort ástæða sé til að setja sérstök lög um fullorðinsfræðslu
- leita leiða til þess að þeir sem hafa litla eða enga formlega menntun geti hafið nám á ný og gera tilögur um annað tækifæri til náms
- kanna leiðir í samráði við skóla, sveitarfélög og atvinnulíf um eflingu náms- og starfsráðgjafar fyrir fullorðna
- ákveða áhersluatriði Víku símenntunar hverju sinni og huga að leiðum

- til að vekja athygli á henni og gera tillögur um framkvæmd hennar
- standa fyrir kynningarfundum og ráðstefnum um símenntunarmál með aðild þeirra sem vinna að símenntun og fullorðinsfræðslu
- leita leiða til að auka samráð og samstarf skóla og atvinnulífs um símenntun
- gera tillögur til ráðuneytisins um önnur verkefni á sviði símenntunar sem verkefnisstjórnin telur æskilegt að unnin verði

Fundur með rektor Háskólans á Akureyri

Stjórn Kvasis fór til Akureyrar 22. 06. 2004 til að ræða við rektor og hans fólk um háskólanám fjarnema. Tílefni heimsóknarinnar var að Háskólinn á Akureyri hafði ákveðið að herða inntökuskilyrði fjarnema við skólann, m.a. vegna athugasemda frá Menntamálaráðuneytinu varðandi það að hlutfall nemenda sem ekki hafa stúdentspróf sé of hátt. Einnig gerði skólinn kröfur um fleiri nemendur í hverjum fjarnámshópi. Ákvarðanirnar voru teknar í ljósi minni fjárveitinga til skólans. Rætt var um afleiðingar þessa fyrir fjarnemendur í hinum dreifðu byggðum landsins. Fram kom hjá háskólamönnum að tekið verði tillit til athugasemda frá Kvasi og minni kröfur gerðar um hópastærðir í fámennum byggðum. Það kom fram að háskólinn muni meta hverja umsókn fyrir sig hverju sinni

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

Framkvæmdarstjórar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna níu skrifuðu undir samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þann 12. nóvember, 2004 við hátíðlega athöfn.

Með samningnum eru skilgreind sameiginleg markmið samningsaðila og með hvaða hætti þeir munu vinna að framgangi þeirra og skilgreind gagnkvæm þjónusta. Á grundvelli samningsins mun FA og einstaka símenntunarmiðstöð innan KVASIS gera sérstakt samkomulag, þar sem fram kemur hvaða námstilboð heyra undir samninginn hverju sinni.

Haustrundur 2004

Haustrundur Kvasis var haldinn á Egilsstöðum við frábæran viðurgjörning gestgjafa þar. Dagskrá fundarins var þéttskipuð að venju og var þemað að þessu sinni innri mál fræðslu- og símenntunarstöðvanna auk þess sem fjallað var ítarlega um starf starfshóps menntamálaráðherra sem fjallar um „opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins“. Inga og Katrín, fulltrúar Kvasis í starfshópnum, kynntu vinnu hópsins fram til þessa og stýrðu vinnuhópnum til að fá álit Kvasis félaga og veganesti inn í starfshópinn.

Félagsfundir

Í samræmi við ákvörðun haustrundar voru haldnir tveir félagsfundir í myndfundi. Gafst þetta form vel og ekki úr vegi að Kvasir fari að nýta sér þá tækni sem boðið er upp á fyrir eigin starfsemi.

AÐ LOKUM

Á þessu starfsári sem er að ljúka urðu breytingar á þeim samstarfshópi sem myndar Kvasi. Iðunn Antonsdóttir, Fræþingi, hvarf til annarra starfa í nýjum landsfjórðungi. Bergþóra Þórhaldsdóttir, hjá Visku í Vestmannaeyjum hættir störfum nú í vor. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Simeyjar, hefur einnig ákveðið að flytja sig til í starfi og Líneik Sævarsdóttir hætti störfum sem framkvæmdarstjóri Fræðslunets Austurlands. Ber að þakka þessum konum gott samstarf og ljúfa viðkynningu og við óskum þeim alls hins besta á nýjum vettvangi.

Að lokum viljum við sem höfum setið í stjórn Kvasis starfsárið 2004-2005 þakka félagsmönnum og fjölmörgum öðrum samstarfsaðilum fyrir gott samstarf. Inga mun víkja úr stjórn en Bryndís og Jón vera eitt ár í viðbót.

Inga Sigurðardóttir
Bryndís Þráinsdóttir
Jón Hjartarson

KVASIR

Rekstur 2004

Innkoma:	
Flutt frá f. ári	277.937
Árgjald 2004	630.000
Viðb. árgjald 2004	270.000
Innh. v/stefnumótum	150.300
Innh. v/þjónustubrúar	385.994
Vextir	710
Samtals:	1.714.941
Kostnaður:	
Kostn. v/stjórnarf. 2003	412.402
Kostn. v/stjórnarf. 2004	87.124
Kostn. v/vorfundar 2004	98.060
Fundarkostn. v/stefnumótun ofl.	12.161
Mentor v/stefnumótun og ráðgjöf	58.500
Erl. Samskipti EAEA	80.320
Fjölís v/fjölföldun	46.000
Þjónustusamn. v/menntabrúar	496.274
Gjafir	10.576
Þjónustugjöld og bankakostn.	3.575
Styrkur v/ráðst. í Riga 2003	30.000
Inneign á tékkareikn. 31/12 2004	379.949
Samtals:	1.714.941
Eignir 31/12 2004:	
Tékkareikn. 192-26-32113	379.949
Skuld v/ógr. þjónustusamningur 55.142x2	110.284
Samtals:	490.233

2. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis í Reykjavík 26. – 28. maí, 2004.

Miðvikudagur, 26. maí.

Fundur í Háskóla Íslands. Stjórnarfundur Kvasis, 2. fundur nýrrar stjórnar.

Dagskrá:

1. Ályktanir vorfundar Kvasis.
2. Framtíðarverkefni
3. Fjármál

1. **Tillaga 1** varðandi það að að koma eftirfarandi sjónarmiðum er tengjast skipun í starfshóp á vegum Menntamálaráðherra „um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins“ á framfæri: „Ljóst er að viðfangsefni starfshópsins er mjög víðfemt og honum í raun ætlað að fjalla um alla grundvallarþætti starfs miðstöðvanna. Ef horft er til markmiða miðstöðvanna eins og þeim er lýst í skipulagsskrám þeirra, þá hafa þær þjónustuhlutverki að gegna við mjög marga aðila; íbúa, stofnanir, fyrirtæki, menntastofnanir, stéttarfélög, sveitarfélög og fl. Miðstöðvarnar eru grasrótarsamtök sem eru stofnaðar af frumkvæði þeirra aðila sem hér voru taldir og því mikilvægt að tryggt sé að sjónarmið þeirra komist með skýrum og ákveðnum hætti að í vinnu starfshópsins.

Óskað er eftir því að leitað verði með formlegum hætti eftir skoðunum þessara aðila og álitum í vinnu starfshópsins“ (Ur drögum að fundargerð) Inga, formaður, tekur að sér að senda þetta bréf til Steingríms Sigurgeirssonar, formanns starfshópsins.

Tillaga 2 þar sem aðalfundur lýsir yfir áhuga á samstarfi við við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Ákveðið að Inga og Bryndís hitti Ingibjörgu Guðmundsdóttur næstkomandi föstudag.

Tillaga 3 þar sem aðalfundur samþykkir að hver miðstöð leggi til kr 30.000 til viðbótar árgjaldi 2004. Jón Hjartarson mun sjá um að senda reikninga út til miðstöðvanna.

Tillaga 4 þar sem aðalfundur samþykkir að árgjald Kvasis verði kr 100.000 fyrir árið 2005. Reikningar verða sendir út eftir næstu áramót.

Tillaga 5 þar sem aðalfundur samþykkir að skipa vinnuhóp til viðræðna við fulltrúa Byggðastofnunar um samstarf. Stjórnin ákvað að senda tillöguna til Byggðastofnunar og óska eftir fundi með fulltrúum hennar í ágúst næstk. Á fundinn færu samkv. tillögunni Inga, formaður Kvasis, einn forstöðumaður og einn fulltrúi úr stjórn miðstöðvanna. Ingu falið að skrifa bréfið og óska eftir tilnefningum frá miðstöðvunum í hópinn.

Tillaga 6 þar sem aðalfundur hvetur Menntamálaráðuneytið til að beita sér fyrir áframhaldandi formlegum hvatningar og átaksverkefnum til eflingar símenntunar á landinu (sem dæmi, Vika símenntunar). Þar sem ráðuneytið hefur þegar falið Mennt að sjá um framkvæmd Viku símenntunar haustið 2004 taldi stjórn ekki ástæðu til að senda bréf vegna þessa.

2. **Framtíðarverkefni:**

-Smári Haraldsson hefur haldið utan um tölulegar upplýsingar varðandi símenntunarmiðstöðvarnar. Stjórnin samþykkti að fá þessa upplýsingar til sín til að nota í fjárlagavinnu næsta vetur hjá fjárlaganefnd Alþingis. Samþykkt að Inga kalli eftir þessum upplýsingum hjá Smára.
-Samningur um Menntabré er í vinnslu. Því starfi lýkur í byrjun júní.
-Rætt um fjarnema, próf og fleira.
-Stjórn ákvað að fá fund með Þorsteini Gunnarssyni, rektor Háskólans á Akureyri, um m.a. niðurskurð háskólans. Ákveðið að Inga skrifi bréf til Þorsteins vegna þessa.

3. Fjármál.
Inga fór yfir fjármál Kvasis með Jóni Hjartarsyni og ritaramál með Bryndísi Þráinsdóttur. Ákveðið að Bryndís kaupi fundargerðarbók.

Fleira ekki ritað, fundi slitið rétt fyrir hádegi.
Bryndís Þráinsdóttir



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

3. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis á Akureyri 22. júní 2004.

Þriðjudagur 22. júní, 2004.

Fundur í Háskólanum á Akureyri með Þorsteini Gunnarssyni, háskólarektor og hans fólki. Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir, Jón Hjartarson og Bryndís Þráinsdóttir. Frá Háskólanum voru; Þorsteinn Gunnarsson, háskólarektor, Erlendur Steinar Friðriksson, verkefnastjóri fjarkennslu rekstrar- og auðlindadeildar og Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður kennslusviðs.

Dagskrá:

Fjarkennslumál frá Háskólanum á Akureyri til hinna dreifðu byggða landsins. Niðurskurður vegna fjárskorts.

Þorsteinn hóf fundinn á því að segja frá því að inntökuskilyrði í háskólann nú væru strangari en verið hefur. Kemur þar tvennt til: 1) Of margir nemendur hafa sótt um skólavist miðað við fjárveitingar til skólans. 2) Menntamálaráðuneytið hefur gert athugasemdir við hátt hlutfall nemenda hjá HA sem ekki hafa stúdentspróf.

Fjöldi fjarnema sem teknir hafa verið inn í eftirfarandi greinar eru:

- Auðlindaeild: 11 fjarnemar, víðsvegar um landið. Kennt í WebDemo.
- Hjúkrunarfræði: 8 nemendur teknir inn, kennt til Ísafjarðar.
- Kennaradeild (grunnskóladeild): 13 nemendur teknir inn á Ísafirði, 15 í Hafnarfirði, 15 í Neskaupstað og 12 í Vestmannaeyjum.
- Leikskólafræði: 9 nemendur teknir inn í Hafnarfirði, 5 í Reykjanesbæ, 6 í Neskaupstað, 6 í Vestmannaeyjum og 13 á Sauðárkróki.
- Rekstrar- og viðskiptafræði: 34 teknir inn í Hafnarfirði.

Farið var lauslega yfir það hversu mörgum var hafnað. Í auðlindaeild voru allir teknir inn og hægt að bæta við en í rekstrarfræði eru of margar umsóknir miðaða við fjárveitingar.

Rætt um nemendahóp í Búðardal sem óskar eftir að komast í rekstrarfræði frá og með næsta hausti en hefur verið hafnað vegna niðurskurðar. Málið verður skoðað betur hjá Háskólanum og á niðurstaða að liggja fyrir á föstudag um það hvort þessir nemendur geti byrjað sitt nám í auðlindaeild en á fyrsta ári eru flestar greinar samkenndar með rekstrarfræðinni.

Rætt um stúdentsprófið. Í leikskólafræði er það áberandi að nemendur sem ekki eru með stúdentspróf sækja um. Rætt um mat á óformlegu námi og hvort nauðsynlegt sé að



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

allir hafi stúdentspróf. Hvort ekki sé nauðsynlegra að undirbúa hópana í þeim greinum sem þeir þurfa að hafa á valdi sínu eins og t.d. stærðfræði. Aðalatriðið að fólk viti hvernig það þarf að undirbúa sig til að uppfylla kröfur háskólanámsins. Inntökuskilyrði eru ólík eftir deildum.

Inga ræddi byggðasjónarmið. Hversu miklu máli það skiptir fyrir hinar dreifðu byggðir landsins að geta numið heima í héraði. Jón tók undir það og spurði hvort og hvernig fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar geti komið að þessu máli til stuðnings háskólanum. Lýst var yfir ánægju með samstarfið við HA og ítrekað hvort ekki sé hægt að veita stuðning við HA í þessu máli. Rætt stuttlega um nefndina sem Jón Hjartarson situr í ásamt Katrínu Dóru sem Menntamálaráðherra setti á stofn snemma í vor og á að fjalla um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, framtíðarstefnu.

Ákveðið að hittast aftur í september þegar nefndarálit liggur fyrir í nefnd ráðuneytisins.

Bryndís Þráinsdóttir



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

5. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis í húsnæði Menntar á Grensásvegi 16 a, 2004.

Föstudagur 1. október, 2004 kl. 13:00.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir og Bryndís Þráinsdóttir. Jón Hjartarson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Beiðni til fjárlaganefndar.
Beiðni samin og greinargerð með henni.
2. Haustfundur Kvasis, sem verður dagana 18. og 19. nóvember á Egilsstöðum.
Fimmtudagur 18. nóv.: 9:00 -12:00 og 13:00-15:00 og 16:00-18:00.
Föstudagur 19.nóv. 9:00-12:00 og 13:00-15:00

Drög að dagskrá fundarins rædd.

- Stefnumörkun fyrir Kvasi sem samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
- Kjaramál og stéttarfélag starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
- Tæknimaður, Pétur Ingi, hlutverk og greiðslur
- Uppbygging námsveranna á landsbyggðinni.
- Kynningar á áhugaverðum verkefnum miðstöðvanna
- Samstarf milli miðstöðva um verkefni
- Kynning á aðdraganda að stofnun og rekstri háskólanámsseturs á Austurlandi, starfið fram að þessu...hvað svo ?
- Framtíð Viku símenntunar

Inga, formaður ætlar að ræða við Elnu Katrínu, varaformann KÍ um að koma á fundinn á Egilsstöðum.

Inga talar við Sigurð um hlut heimamanna í dagskránni.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

	Fim	Fös	
9-11	Hlutverk og framtíð Kvasis	Kynning á miðstöðvanna á verkefnum og samstarfi þeirra um verkefni.	
11-12	Uppbygging námsvera – samstarf við sveitarfélögin - kostnaðarskipting	Félagsfundur Kvasis	
12 - 13	Matur	Matur og frh. á félagsfundi Kvasis	
13 - 14	Hvar eigum við heima í stéttarfélagi? Gestur frá KÍ	Kynning á Háskólanámssetri FNA á Egilsstöðum.	
15 - 16	Kjaramál – stéttarfélög – KÍ		
18 - ?	Dagskrá undir stjórn heimamanna		

3. Tilnefning í verkefnisstjórn Menntamálaráðuneytisins um símenntun. Tilnefning rædd. Inga hefur sent öllum bréf um viðbrögð. Engin viðbrögð bárust. Ákveðið að tilnefna Bryndísi Práinsdóttur frá Farskólanum í verkefnisstjórnina.

Fundi slitið klukkan 16:00.

6. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis í húsnæði KHÍ, 2004.

Fimmtudagur, 28 október, 2004 kl. 11:00.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir og Bryndís Þráinsdóttir. Jón Hjartarson boðaði forföll.

Dagskrá:

4. Haustfundur Kvasis
5. Fundur með fjárlaganefnd
6. Önnur mál

1. Dagskrá haustfundar

Fimmtudagur

10:00-12:00	Hlutverk og framtíð Kvasis
12:00-13:00	Matur
13:00-14:00	Uppbygging námsvera. Kostnaðarskipting. Bryndís
14:00-16:00	Niðurstöður starfshóps er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins – umræður
16:00-17:00	Stéttarfélagaaðild starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva
17:00-18:00	Undirbúningur og punt fyrir kvöldið.
18:00-?	Dagskrá undir stjórn heimamanna.

Föstudagur

Félagsfundur Kvasis

09:00-11:00	Kynning á starfi miðstöðvanna
11:00-12:00	Félagsfundur Kvasis
12:00-13:00	Matur
13:00-15:00	Kynning á háskólanámssetrinu á Egilsstöðum

2. Fundur með fjárlaganefnd:

Fundurinn er í Alþingi.

3. Önnur mál

Ýmis verkefni berast stjórnarformanni Kvasis sem dæmi má nefna að formaður skýrði frá því að undanfarið hefði verið leitað til hennar varðandi upplýsingar um starfsemi miðstöðvanna. Bláðakona frá Finnlandi kom í heimsókn til Ingu, og var með henni frá kl. 9:00 – 15:00. Formaður fór yfir málin með henni og hitti hún jafnframt nemendur Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Aðalefnið var að ræða almennt um miðstöðvarnar.

Nemandi í háskólanum í Reykjavík hafði samband við formann Kvasis, vegna mastersnáms. Hún er að fjalla um fjarkennslu og fl. Fékk upplýsingar hjá Ingu varðandi starfsemi stöðvanna.

Ákveðið að senda allar fundargerðir stjórnar á miðstöðvarnar.

Ekki fleira gert.
Bryndís Þráinsdóttir

7. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis í 101 Reykjavík, 2004.

Mánudagur, 1. nóvember, 2004 kl. 10:00.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir og Bryndís Práinsdóttir. Jón Hjartarson boðaði forföll.

Dagskrá:

7. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis
8. Aðalfundur Kvasis
9. Önnur mál

1. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis.

Undirbúningur fundarins. Farið yfir bréf og greinargerð sem send var fjárlaganefnd.

2. Aðalfundur Kvasis.

Farið yfir dagskrána. Verkaskipting á fundinum ákveðin og frágengin. Bryndís fari yfir fundinn með Sigurði hjá FNA. Þau ákveði hvenær bókanir þurfi að berast í síðasta lagi og hversu margir ætla að mæta frá hverri miðstöð. Minna fólk á að „melda“ sig tímanlega.

3. Önnur mál

Engin.

Klukkan 11:00 stormaði stjórnin á fundinn. Fleira ekki gert.

Bryndís Práinsdóttir

9. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis. Fundur haldinn hjá Fræðsluneti Suðurlands á Selfossi, kl. 13.30.

Föstudagur 14. janúar, 2005.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir, Bryndís Práinsdóttir og Jón Hjartarson.

Dagskrá:

10. Úrvinnsla haustfundar - ályktanir og tillögur
11. Starfshópur Mentamálaráðherra
12. Vorfundur
13. Önnur mál

2. Úrvinnsla haustfundar – farið yfir fundargerð félagsfundar.

Ályktanir haustfundar á Egilsstöðum í 18. og 19. nóvember 2004. Eftirfarandi tillögur og ályktanir voru samþykktar á haustfundinum.

Tillaga a)

„Félagsfundur Kvasis samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn á Egilsstöðum 19. nóv. 2004 samþykkir að tveir til þrjú fulltrúar Kvasis taki að sér að móta tillögur að samræmdu þjónustugjaldi sem kynnt verði á næsta félagsfundi Kvasis“.

Hér er verið að tala um gjald af fjarnemum. Ína, Bryndís og Bergþóra tóku að sér að móta tillögurnar og mun Bryndís taka að sér að kalla hópinn saman.

Tillaga c)

„Félagsfundur Kvasis leggur til að Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni haldi til reynslu reglulega fundi og nýti til þess þá tækni sem miðstöðvarnar hafa yfir að ráða. Stjórn Kvasis haldi utan um fundina og stýri þeim“.

Stjórnin ákveður fyrsta fundinn í fjarmenntabúnaði föstudaginn 4. febrúar, kl. 10:00. Stjórn leggur til að fundir verði haldnir fyrsta föstudag í mánuði yfir vetrarmánuðina, fyrir utan desember og janúar. Ritari stjórnar sjái um fundina hverju sinni, boðun og skráningu. Fundarefni fyrir skuli berast ritara í síðasta lagi daginn fyrir fund. Kvasis félagar eru hvattir til að koma með fundarefni.

Fyrstu fundarefni: 1) Að óska eftir söfnun upplýsinga hjá hverri og einni fræðslu- og símenntunarmiðstöð á landsbyggðinni um stöðugildi vegna umsýslu háskólanema, húsnæði, tækjakost, mannahald og fleira. Leggja til grundvallar tillögur frá Ingu og



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Katrínu sem þær voru með inni í starfshóp ráðherra. 2) BSRB námskeiðin og gangur þeirra. 3) Þema vörfundar í Stykkishólmi og fl.

Tillaga d)

„Félagsfundur Kvasis samtaka um fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn á Egilsstöðum 19. nóv. 2004 samþykkir að standa sameiginlega að samningsgerð vegna þjónustu við fjarnemendur sameinaðra skóla: Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík”.

Stjórnin samþykkir að skrifa bréf til Tækniháskóla Íslands þar sem greint er frá ályktuninni og óska eftir viðuræðum um samstarf. Inga tekur að sér að skrifa bréfið.

2. Starfshópur menntamálaráðherra – stjórn fjallar um 5.lið haustfundar frá því á Egilsstöðum.

Vinnubrögð í starfshópnum sem fjallar um „opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins” rædd. Inga, skýrði frá því að ekki hefði verið haldinn fundur í starfshópnum síðan í byrjun nóvember. Inga talaði við Steingrím, formann starfshópsins, í síma og kom á framfæri áhyggjum stjórnar Kvasis um gang mála í samstarfshópnum. Steingrímur sagði að reynt yrði að halda fund í starfshópnum sem fyrst og bar við annríki ráðuneytismanna. Stjórn samþykkti að ef ekki hefði verið boðaður fundur fyrir lok janúarmánaðar yrði aðhafst frekar í málinu.

Stjórn ræddi fjárhagsgrundvöll miðstöðvanna og framhald aðgerða. Stjórn hefur áhyggjur af kostnaði vegna fjarnema háskólanna og telur mikilvægt; 1) að starfshópurinn ljúki störfum, 2) að safna upplýsingum um raunkostnað vegna háskólanámsins og 3) að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar taki ákvörðun um áframhald háskólanámsins ef ekki verður um neina leiðréttingu að ræða.

3. Vörfundur Kvasis á Vesturlandi í boði símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

Tillaga frá stjórn um að halda vörfundinn í Stykkishólmi. Fundurinn hafi ákveðið þema. Köllum eftir þema frá Kvasisfélögum, ræðum það á fjarfundinum. Stjórn gerir tillögu um dagana 28.og 29.apríl.

4. Önnur mál

1) Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður MSS, er fulltrúi Kvasis í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnu sem haldin er í KHÍ 21.janúar. Ráðstefnan fjallar um „aðferðafræði fullorðinsfræðslu”. Beiðni um að fulltrúi Kvasis kæmi inn í þann hóp barst til Ingu á sínum tíma.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

-
- 2) Til umræðu frá stjórn á fyrsta fjarfundi:
- i. Fjárhagsgrundvöllur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
 - ii. Söfnun upplýsinga frá hverri og einni fræðslu- og símenntunarmiðstöð.
 - iii. BSRB námskeiðin – hvernig gengur
 - iv. Pema vofundar

Farskólinn sér um að koma á fundinum á brúnni. Bryndís aflar tækniupplýsinga frá miðstöðvunum í pósti.

- 3) Inga viðrar tillögu um að Kvasir standi fyrir ráðstefnu um brennandi málefni á sviði símenntunar annað hvert ár og kveðji þá til aðila sem málið varða hverju sinni.

Fundi lokið klukkan: 16:30.

Bryndís Þráinsdóttir

10. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis. Fundur haldinn hjá Fræðsluneti Suðurlands á Selfossi, kl. 13.00.

Föstudagur 10. febrúar, 2005.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis, þau Inga Sigurðardóttir, Bryndís Þráinsdóttir og Jón Hjartarson. Helgi Baldursson frá Tækniháskóla Íslands kom á fundinn.

Dagskrá:

14. Undirbúningur á lið 2
15. Helgi Baldursson mætti á fundinn fyrir hönd Tækniháskólans
16. Bréf til menntamálaráðherra
17. Fyrirhugaður fundur með Þorsteini Gunnarssyni
18. Vorfundur Kvasis
19. Framhaldsnám / sérnám á vegum Háskólanna
20. Aðild Kvasis að EAEA

3. Undirbúningur vegna fundar með Helga frá THÍ.

Undirbúningur undir fundinn með Helga frá Tækniháskólanum.

2. Helgi Baldursson frá Tækniháskólanum kom á fundinn.

Helgi nefnir að sú þjónusta sem THÍ þarf á að halda er fyrst og fremst: 1) að nemendur fái að taka próf í fræðslu- símenntunarmiðstöðvum og 2) fjarfundir. Helgi nefnir að stöðvarnar fái greiðslur frá ríkinu til reksturs. Inga segir að stöðvarnar vilji gera þjónustusamninga við skólana þar sem gert sé ráð fyrir greiðslu fyrir þjónustu við háskólanemendur. Málið rætt og m.a. nefnt að háskólarnir og miðstöðvarnar eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi háskólanámið. Fjarkennslan sé komin til að vera og þessi þróun verði ekki stöðvuð. Menn voru sammála um að það verði að finna lausn á málinu. Helgi telur að ef fjarfundirnir kosti fleiri hundruð þúsund þá verði þeir ekki sendir út. Jón spyr um fjölda staða sem THÍ sendir út á? Sendu út á 6-7 staði, í þrjú skipti á haustönn. Hugmyndir um verð ræddar. Rætt um aðra þjónustu eins og ef nemendur þurfa að fá aðstöðu til að lesa eða vinna verkefni. Helgi bendir á að kostnaður skólanna verði að vera þannig að skólarnir ráði við það. Jón telur mikilvægt að þrýstingur komi líka frá háskólunum varðandi úrbætur. Málin rædd. Niðurstaðan að Helgi sendi Ingu formanni ramma að því hvaða þjónustu þeir vilja og síðan gera miðstöðvarnar tilboð í verkefnið. Fundargerðin, liður 2 verður send út á Helga Baldursson.

5. Fjárhagsgrundvöllur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Inga lagði fram uppkast að bréfi til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, en á síðasta fundi var ákveðið að senda henni bréf ef ekki hefði verið búið að boða til fundar í starfshópi menntamálaráðherra. Inga sér um að senda það eftir að hafa kynnt það hjá hinum miðstöðvunum.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

6. Fundur með Þorsteini Gunnarssyni, rektor á Akureyri.

Ákveðið að hitta Þorstein Gunnarsson, rektor á Akureyri innan hálf mánaðar og ræða við hann um framtíð fjarnáms á háskólastigi. Inga ætlar að skrifa honum og finna fundartíma.

7. Vorfundur Kvasis.

Ákveðið að vorfundurinn verði þriðjudaginn 26. og miðvikudaginn 27. apríl í Stykkishólmi. Aðalfundur og stjórnarkjör. Tillögur um að bjóða Þorgerði Katrínu til vorfundarins þar sem búast má við að umræða verði um fjárhagsgrundvöll miðstöðvanna. Tillaga að þema fundarins: „ Símenntun verkafólks/launþega - áherslur, markmið og leiðir.” Bjóða til fundarins forystufólki úr verkalyðshreyfingunni, og skiptast á skoðunum við það.

8. Framhaldsnám / sérnám á vegum Háskólanna

Rætt um nám framhaldsnám / sérnám. Umræður. Stjórn Kvasis lítur svo á að allt grunnnám frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri sé samkvæmt samningum við viðkomandi háskólastofnanir. Annað fjarnám, innan háskólanna, sem nemendur greiða sérstaklega fyrir (fyrir utan skráningargjöld) skal semja um sérstaklega við viðkomandi fræðslu- og símenntunarmiðstöð. Formaður sér um að koma þessu á framfæri við aðrar miðstöðvar og í framhaldinu að senda út bréf til Háskólanna.

7. Rætt um aðild Kvasis að EAEA.

Kvasir borgar um 100 þúsund á ári í félagsgjöld og það eru einu samskiptin sem við höfum við þessi samtök. Ákveðið að fresta greiðslu gjaldsins þar til þetta hefur verið rætt á aðalfundinum í apríl.

Fleira ekki ritað niður.
Fundi slitið klukkan 16:40.
Bryndís Þráinsdóttir



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

11. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis. Fundur haldinn hjá Fræðsluneti Suðurlands á Selfossi, kl. 13.00.

Miðvikudagur 29. mars, 2005.

Á fundinn mættu: stjórn Kvasis; þau Inga Sigurðardóttir, Bryndís Práinsdóttir og Jón Hjartarson.

Dagskrá:

21. Starfshópur Menntamálaráðherra
22. Dagskrá vofundar Kvasis 26. – 27. apríl rædd og undirbúin
23. Dagskrá aðalfundar Kvasis rædd og undirbúin.
24. Önnur mál

4. Rætt um stöðu starfshóps Menntamálaráðherra sem er ætlað að fjalla um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Síðasti fundur var boðaður 15. mars en var síðan frestað. Annar fundur hefur ekki verið boðaður. Ætlunin er að næsti fundur gangi frá tillögum starfshópsins. Rætt um hvort stjórn KVASIS eigi að grípa til frekari aðgerða. Ákveðið að formaður hafi samband við Menntamálaráðuneytið til að fylgja eftir formlegum, skriflegum, óskum stjórnarinnar um fund með ráðherra. Formaður Kvasis hringdi í Jens Pétur Hjaltsted í Menntamálaráðuneytinu til að spyrjast fyrir um störf starfshóps menntamálaráðherra. Málið er í höndum Steingríms Sigurgeirssonar, aðstoðarmanns menntamálaráðherra. Jens Pétur hringdi síðar til baka og tjáði formanni að drög að skýrslu verði send út á nefndarmenn föstudaginn, 1. apríl og síðan verði boðaður fundur, föstudaginn 8. apríl í starfshópnum.

2. Dagskrá vofundar Kvasis rædd og undirbúin. Fundurinn verður haldinn í Grundarfirði dagana 26. – 27. apríl.

3. Dagskrá aðalfundar Kvasis rædd og undirbúin. Aðalfundurinn verður haldinn 27. apríl.

Fleir ekki ritað niður
Bryndís Práinsdóttir



Samtök fræðslu- og simeintunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

12. fundur

Fundargerð stjórnar Kvasis. Fundur haldinn hjá Farskólanum á Sauðárkróki kl. 13:00.

Fimmtudagur 28. apríl, 2005.

Á fundinn mættu;stjórn Kvasis; þau Inga Sigurðardóttir og Bryndís Þráinsdóttir. Jón Hjartarson var fjarverandi.

Dagskrá:

25. Ársskýrslan 2004.
 26. Dagskrá vorfundar Kvasis 26. – 27. apríl rædd og undirbúin
 27. Dagskrá aðalfundar Kvasis rædd og undirbúin.
 28. Önnur mál
-
5. Ársskýrslan rædd
 2. Dagskrá vorfundar Kvasis rædd og undirbúin. Fundurinn verður haldinn í Grundarfirði dagana 26. – 27. apríl.
 3. Dagskrá aðalfundar Kvasis rædd og undirbúin. Aðalfundurinn verður haldinn 27. apríl.
 4. Önnur mál engin.

Fleir ekki ritað niður
Bryndís Þráinsdóttir

Vorfundur Kvasis, haldinn á Hótel Keflavík, fimmtudaginn 29. apríl 2004

Formaður stjórnar Kvasis setti fundinn og tilnefndi Ólínu Þorvarðardóttur sem fundarstjóra, Erlu Björgu Guðmundsdóttur og Jóhann Ingólfsson sem fundarritara.

Katrín Dóra kynnti því næst þema vinnufundarins sem var: „**Framtíð og fjárhagsgrundvöllur fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni**”. Hún fjallaði um grunnverkefni miðstöðvanna, sérverkefni þeirra sem og önnur tilfallandi verkefni í samvinnu við svæðisbundnar stofnanir. Katrín Dóra sagði frá stefnumótunarvinnunni sem unnin var á árinu, meginmarkmiðum miðstöðvanna samkvæmt henni og gerði grein fyrir skipan starfshóps á vegum menntamálaráðuneytis og hlutverki hans.

Að erindinu loknu fól hún fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins og fól Líneik Önnu stjórn dagskrárliðarins: „**Þekkingarsetur – uppbygging, ábyrgð og rekstur**”

Líneik gerði grein fyrir hvernig þau Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður fræðasetra Háskóla Íslands, unnu og gaf Rögnvaldi þvínæst orðið.

Rögnvaldur skilgreindi þekkingarsetur sem sambúð þeirra sem vinna að rannsóknum og menntamálum, vegna þess að háskólastarfsemi væri alltaf blanda af rannsóknum og kennslu. Hann sagði að undir þekkingarsetri ættu heima þrjú meginstólpar sem væru: rannsóknir, háskólanámssetur og símenntun.

Rögnvaldur fjallaði um hverjir tækju þátt í þekkingarsetrum, skipulag þeirra og þróun en það er mikilvægt að hafa í huga að þekkingarsetur eru frumleg hugsun og því ekki hægt að kippa inn tilbúnum lausnum annars staðar frá. Hann sagði að hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna gæti verið að taka að sér samræmingu og stjórnun þessara mála í heild.

Hann sagði afar mikilvægt að skilgreina orð eins og: Háskólanámssetur, þekkingarsetur, staðbundið nám, fjarnám, netháskóli o.s.frv. svo öllum gæti verið ljóst fyrir hvað þau standa. Háskólanámssetur stendur fyrir háskólanám í héraði með aðgengi að háskólamenntun í héraði (fyrir eldri og yngri nemendur) að markmiði og þær aðferðir sem beitt verður felast í fjarnámi og staðbundnu námi. Þarfir ólíkra hagsmunaaðila eru líka mismunandi og taka þarf tillit til allra.

Símenntunarmiðstöðvarnar verða að hugsa vel og gera upp við sig hvaða skipulag þær vilja hafa á samstarfi við háskólana, á hverju á að vera ábyrgð? Hvernig á gæðamati að vera háttað? Hvaða vandamál þarf að leysa? Hvaða leiðir á að fara í skipulagningu námsins? Ætti að stofna netháskóla eða auka samvinnu háskólanna? Hvernig ætti verkaskiptingu að vera háttað? Hvernig er kostnaðarskipting? Því það skiptir miklu máli varðandi hver á að borga hvað hvort kostnaður við fjarnám er meiri eða minni en við staðbundið nám.

Að lokum velti Rögnvaldur framtíðinni fyrir sér, hann sagði setrin hafa vaxið upp úr hugmyndum fólks á hverjum stað og kominn væri tími til að fólk færi að sameinast um að læra hvert af öðru. Aukin samvinna símenntunarmiðstöðva gæti að hans áliti orðið mjög farsæl og þær gætu þannig að miklu leyti tekið við því hlutverki sem netháskólar hafa oft.

Líneik Anna þakkaði fyrir og kom með innlegg áður en farið var í umræðuhópa.

Hún sagði nauðsynlegt að skilgreina eftir hvaða leiðum og fyrir hvað ætti að greiða í sambandi við þekkingarsetrin og háskólanámið. Hún talaði um þarfir háskólanema á landsbyggðinni, sagði vera að koma í ljós nýjar þarfir og tók sem dæmi þörf á undirbúningsnámi fyrir háskólanám, þörf á grunnnámi í heimabyggð og fleira. Það er nauðsynlegt að svara hversu mikla þjónustu á að veita og hverjir eiga að sinna þeirri þjónustu. Líneik fjallaði um þjónustu FNA við fjarnema, fjölda nemenda og tegund þjónustu sem veitt er á hverjum stað. Að lokum bað hún um að í umræðum yrði reynt að svara hvernig sjá má samstarfið um þjónustuna fyrir sér, sem og ábyrgðarskiptinguna milli háskóla, fjarnema og símenntunarmiðstöðvanna?

Hún sagði sameiginlegt verkefni vera eftirfarandi og það þyrfti að ákveða hvar hvert ætti heima:

- Menntabruin og tækniþjónustan
- Yfirlit yfir námsframboð
- Undirbúningsnám og grunnnám
- Samræming á framkvæmd prófa
- Samræmd gæði – mat og viðurkenning á námi

Fundurinn tók ákvörðun um að fara í umræður í stað vinnuhópa

Til umræðu voru eftirfarandi þættir:

1. Kostnaður og fjármögnun. Eftir hvaða leiðum kemur fjármagnið?
2. Þjónusta og aðstaða. Hvaða þjónusta, aðstaða og umfang, hverjir gera hvað og hversu víða verður þjónustan í boði?
3. Hvernig verður samstarfi símenntunarmiðstöðva og háskóla um aðstöðu og þjónustu við nemendur á landsbyggðinni best sinnt?

Sjá umræður á fylgiskjali

Að loknum umræðum var gert stutt kaffihlé en að því loknu bauð fundarstjóri Önnu Kristínu Gunnarsdóttur velkomna í pontu. Jón Hjartarson stýrði dagskrárliðnum.

Anna Kristín fjallaði um: „**Hvert er hlutverk og hver er fjárhags- og starfsgrundvöllur miðstöðvanna?**”

Anna Kristín sagði hlutverk hversrar miðstöðvar skilgreint í hverri skipulagsskrá fyrir sig því allar miðstöðvarnar væru sjálfseignarstofnanir. Í einföldustu mynd væru þær að reyna að gera íbúum og atvinnulífi kleift að standast samkeppni, takast á við breytingar, eflast og efla samfélagið.

Hún sagði menntun vera undirstöðu nýjunga í atvinnulífi, skila betri tekjum og áhugaverðari vinnu, þýða meira öryggi á vinnumarkaði, víðara sjónarhorn einstaklingsins og sterkari sjálfsmynd en sjálfsmynd er mikilvægur þáttur í þróun samfélagsins. Hún sagði starfsgrunn miðstöðvanna byggjast á: Þróun atvinnulífsins, bæði staðbundið og á landsvísu, menntunarstigi á svæðinu, mannfjölda, landfræðilegum aðstæðum, byggðapróun, meðaltekjum og viðhorfi á svæðinu.

Varðandi fjárhagsgrundvöll miðstöðvanna skiptir opinbert umhverfi og stuðningur ríkisvaldsins miklu. Opinbert umhverfi er m.a. styrkjakerfið sem við búum við á Íslandi. Það er mjög ótryggt því við getum ekki vitað hvort verkefni verða styrkt eða hversu mikið. Stuðningur ríkisvaldsins er líka frekar ótryggur og þar liggur mikil vinna fyrir dyrum. Það þarf að ráðast í mikla skilgreiningarvinnu þar sem bæði ráðuneyti og símenntunarmiðstöðvar verða að leggja sitt af mörkum.

Anna Kristín sagði miðlun náms á háskólastigi vera háða ákvörðun háskólanna hvað varðar: framboð, lágmarksfjölda þátttakenda og kostnað af verkefnum. Hún sagði jafnframt ástæðu til að hafa áhyggjur vegna fjárhagsvanda háskólanna því það væru líkur á að hann bitnaði á fjarnámi. Hún sagði ekki ásættanlegt fyrir lítið sveitarfélag að ekki skuli hægt að bjóða upp á nám fyrir leikskólakennara fyrir einn nemanda vegna þess að ekki næst í sjö manna hóp en eins og staðan er í dag eru miðstöðvarnar algerlega undir háskólana settar með hvort, hvað og hvernig?

Hún velti upp þeirri spurningu hvort háskólanámið sé skrautfjöldur. Spurningunni svaraði hún með já og nei, það styrkir sjálfsmyndina og því er gott að því sé flaggað en það má ekki á kostnað annars eins og grunnenntunarinnar. Staðan á landsbyggðinni er þannig að 40-50% íbúa eru aðeins með grunnskólapróf eða ekki það. Menntunarstig ungra Íslendinga er enn allt of lágt og mikið verk að vinna þar. Af þessum sökum er háskólanámið ekki brýnna en almennt grunnnám nema til að efla sjálfsmyndina.

Varðandi spurninguna um hvernig háskólanám sagði Anna Kristín mikilvægt að bjóða upp á það sem víðast, háskólanámssetrin væru því mikilvæg, líka sem stöðutákn, þannig að svæðin geti sagst hafa slík setur. Marmarahallir eru ónauðsynlegar en þó þarf aðstöðu fyrir fólk til að víða að sér þekkingu í ró og næði. Víða er verið að byggja upp slíka aðstöðu en þá á kostnað sveitarfélaganna, sem kallar á aðra spurningu. Hver á að standa undir kostnaði og hve víða? Það verður ekki auðvelt að fá breytingar á fjárframlögum til símenntunarmiðstöðvanna fyrr en búið verður að leggja góða vinnu í að svara þeirri spurningu.

Að endingu sagði Anna Kristín háskólanám vera spurningu um jafnrétti og samvinna miðstöðva og ríkis nauðsynleg í því sambandi, því eins og stendur í stjórnarskránni: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi”

Jón Hjartarson tók við af Önnu Kristínu og beindi sjónum að tvennu:

- Hvernig og í hvaða andrúmslofti símenntunarmiðstöðvarnar urðu til
- Verkefni miðstöðvanna

Jón sagði fræðslumiðstöðvarnar allar grasrótahreyfingu sem sprotnar væru af þörf fólksins í kringum þær, vegna þess það vildi koma að málum og teldi það mikilvægt. Þetta væri auður sem ekki mætti týnast og okkar hlutverk að halda í það þegar kæmi að

því að ákveða hvað yrði gert næst. Hann sagði miðstöðvarnar allar vera sjálfseignarstofnanir til að efla menntun, styrkja sjálfsmýnd og félagsauð. Það væri líka stundum sagt um þær að þær séu eins og fjöltengi því um þær gilda engar sérstakar reglur, við getum stungið í samband mjög margvíslegum og mörgum aðilum og tengt þá saman til góðra verka (amöbueiginleiki miðstöðvanna). Jón sagði að í þessu væri einn af okkar meginstyrkleikum fólgin, í hann þyrfti að halda og þróa áfram. Varðandi starfsgrundvöllinn væri hann góður að því leyti að það ríktu gríðarlegar væntingar til miðstöðvanna og á þeim væntingum ætti að byggja þróunina. Jón sagðist sakna fulltrúa sveitarfélaga í ráðherranefndinni.

Hann sagði grunnverkefnið vera til hjá hverri miðstöð og þau skiptu miklu máli. Eitt af þeim væri að hvetja til sí- og endurmenntunar sem hefur leitt til þess að fyrirtæki og stofnanir hafa í auknu mæli leitað til miðstöðvanna eftir ráðleggingum. Annað verkefni væri að hækka menntunarstig á svæðum okkar, sem væri eitt það mikilvægasta sem við þurfum að takast á við. Í nefndinni vildi hann að yrði fjallað um hvernig yrði best náð til þess hóps með minnsta menntun, til að efla hann því þar væru öryrkjar framtíðarinnar. Miðstöðvarnar veita ráðgjöf og upplýsingar, þær eiga að vera frumkvöðlar í þróun fræðslumála og fólk býst við því af þeim. Miðstöðvarnar reka skrifstofur, sveitarfélög skaffa húsnæði og miðstöðvarnar borga leigu eftir getu. Aðkoma atvinnulífsins er ákaflega misjöfn en það væri ástæða til að kalla það með einhverjum hætti til umræðna um þátttöku atvinnulífsins í sí- og endurmenntun. Jón sagði að ef fyrirtækin yrði nálgast rétt og á málefnalegum grundvelli væru miklir möguleikar þar. Að þessu sögðu opnaði Jón fyrir mælendaskrá.

Sjá umræður á fylgiskjali

Jón Hjartarson sagði niðurstöðuna þá að þörf sé á meiri umræðu og að taka þessa umræðu inn í þau nefndarstörf sem eru í gangi. Hann sagðist telja að umræðan myndi halda áfram enn um sinn. Þakkaði Önnu Kristínu sitt innlegg, fundarmönnum sitt og lauk þessum dagskrárlíð.

Fundarstjóri þakkaði umræðustjórnendum, gestum og þátttakendum í umræðum og gerði hádegisverðarhlé kl. 12:15

Fundi framhaldið kl. 13:15

Fundarstjóri bauð Skúla Skúlason, starfsmannastjóra Samkaupa velkominn í ræðustól en fól Emil Björnssyni stjórn dagskrárlíðarins: „**Hver er reynslan af starfi miðstöðvanna undanfarin ár?**”

Skúli gerði grein fyrir starfsemi Samkaupa um allt land og helstu áherslum í menntun þeirra starfsfólks. Mesta áherslu sagði hann á að þjálfra persónulega færni: Sjálfspökkingu og sjálfstæði, samvinnu og aðlögunarhæfni, siðferði og símenntunarviðhorf. Sem betur fer er þjóðfélagið að breytast frá áherslu á bækur, síðan á þarfir kennarans og að síðustu einhverjar þarfir nemenda ef hægt er að taka tillit til

þeirra samhliða. Skúli sagði tækifæri vera að opnast fyrir fólk til að mennta sig samhliða starfi.

Hann sagði fólk ekki velja að starfa í verslun vegna köllunar í þá átt, oft væri sjálfsþekking og persónuleg færni ekki í hámarki og því helsta verkefni fólgið í að efla þá þætti. Grunnatriði í samfélagi nútímans er samvinna, samræming og færni til að vinna í hóp.

Skúli fjallaði um dagskrá Samkaupaskólans sem skiptist í stjórnendanámskeið, persónuleg námskeið og starfstengd námskeið.

Sem aðra menntunarvalkosti fyrir utan hefðbundna skóla, hefur Samkaup verið að nota ýmis námskeið á markaðnum eins og frá IMG, endurmenntun HÍ, HA, SÍMEY og iðntæknistofnun. Hann sagði alla þarfagreiningu grundvallaratriði og hlutverk miðstöðvanna í því sambandi mjög mikilvægt.

Samkaup kom að skipulagningu á verslunarstjóranámi á Bifröst sem er þriggja anna diploma-fjarnám. Hann sagði miklar vonir bundnar við það en fyrstu verslunarstjóranir munu útskrifast á næstu önn. Skúli nefndi líka að í deigluinni væri fagnám verslunarliða, sem yrði 338 klst. eins árs nám, byggt upp á samspili skólagöngu og vinnu.

Ástæða þess að Samkaup völdu símenntunarmiðstöðina sem samstarfsaðila var sú að þannig sáu þeir möguleika til að koma símenntuninni til fólksins.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) sér um fræðlustjórn Samkaupa og aðstoðar við þarfagreiningu, uppsetningu námskeiða, val á námsefni, skipulag námskeiða, aðstoð við námsgagnagerð, aðstoð við kynningarefni, skráningu þátttakenda og á fulltrúa í 3ja manna skólaráði.

Skúli sagði reynsluna af samstarfi við símenntunarmiðstöðina í grunninn afar góð en öll skipulagning væri flóknari þegar námskeiðin þyrfti að miða að þörfum starfsfólksins. Hann sagðist telja að það yrði mikill missir af því ef bakslag yrði í því sterka neti sem er milli símenntunarmiðstöðvanna og erfitt yrði að leysa þeirra verkefni öðruvísi.

Varðandi spurninguna um hvort símenntunarmiðstöðvar gætu haft meiri áhrif til batnaðar á símenntun innan fyrirtækja, sagði hann fyrirtæki mjög upptekin af sínum eigin þörfum og ef símenntunarmiðstöðvar hefðu mikla aðlögunarhæfni og helltu sér í vinnuna með fyrirtækjunum, leiðbeindu þeim og aðstoðuðu við þarfagreininguna yrði það mjög sterkt.

Emil Björnsson tók við stjórn en sagði búið að koma inn á margt sem hann hefði ætlað að ræða.

Hann fjallaði almennt um þær níu fræðslu og símenntunarmiðstöðvar sem veita þjónustu á landsbyggðinni en margar þeirra reka námsver af einu eða öðru tagi. Þær voru stofnaðar sem svar við menntunarpörf á landsbyggðinni og aðdragandinn var háskólanám. Emil sagði menn hins vegar fljótt hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að undirbygja grunninn til að hitt gengi. Þegar horft væri tilbaka hafi markmið miðstöðvanna verið að samræma krafta þeirra sem sinna símenntun, háskólanám, vera tæki í byggðapróun með gagnaflutningum, samgöngum og menntun, efla samstarf atvinnulífs og skóla, veita einstaklingum og fyrirtækjum ráðgjöf, greina þörf fyrir fræðslu og þjónustu og síðast en ekki síst að standa að og styðja við rannsóknir og vísindaiðkun. Í dag væri hins vegar ljóst að áhersla miðstöðvanna er að færast yfir á þarfir nemenda og í framhaldi af því mætti velta fyrir sér hvernig umræðan hefur breyst í miðstöðvunum?

Í umræðu um menntunarstig í dreifbýli og þéttbýli sjáum við aftur og aftur að meiri menntun er í þéttbýlinu.

Emil sagði nemendur þurfa ýmsa aðstöðu og tók dæmi um aðstöðu sem þeim býðst í Vonarlandi, hjá Fræðsluneti Austurlands. Þar hafa nemendur náms- og vinnuaðstöðu, tölvur í gagnasmíðju með sérhæfðum forritum, 14 fartölvur, þráðlaust netsamband, aðgang að þremur myndfundabúnuðum, ljósritunar- og prentaðstöðu.

Hann sagði nemendur þurfa, aðgang að húsnæði hvenær sem er, aðstoð við nám, námsráðgjöf, upplýsingaleit, millisafnalán, matar- og kaffiaðstöðu.

Emil gerði grein fyrir niðurstöðum viðhorfskönnunar um þjónustu við fjarnema þar sem rætt var við námsráðgjafa háskóla, forstöðumenn fræðslu og símenntunarmiðstöðva og fjarnema.

Varðandi **viðhorf námsráðgjafa** þá er þjónusta háskólanna við fjarnema mjög misjöfn, allt frá því að menn fái enga aðstoð og þjónustu og upp í að menn fái námskeið og fræðslu til að geta plumað sig í náminu. Niðurstöðurnar sýndu fram á þörf fyrir að bæta þjónustu við fjarnema eftir að nám er hafið. Þjónusta skólanna er of fjarlæg til að koma að gagni og þarna geta fræðslumiðstöðvarnar gegnt veigamiklu hlutverki í aukinni ráðgjöf.

Viðhorf forstöðumanna Fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sýna að þeir verða lítið varir við ráðgjöf háskóla við fjarnema. Þeir vilja að miðstöðvarnar fái aukið hlutverk í ráðgjöf en ráðgjöf og aðstoð við fjarnema er annars eðlis en ráðgjöf við staðnema.

Ráðgjöfin er tæki til að „laða fólk til náms“, þrátt fyrir að hún nái ekki að efla tækni fjarnema þannig að þeir plumi sig í námi. Nemendur sem vinna einir eiga á hættu að flosna upp úr námi og aðstaða og ráðgjöf eru afgerandi fyrir farsæld í námi.

Viðhorf fjarnema sýndu að þeir eru almennt ánægðir með að vera fjarnemar og finnst fjarnám hafa yfirburði umfram staðbundið nám. Þeir upplifa þó misjafnan undirbúning og skipulag. Fjarnemar sögðu að hjá sumum skólum skortir allan undirbúning. Einnig kom fram að hóflegar og vel skipulagðar námslotur njóta vinsælda og að þjónustustofnanir háskólanna skipta fjarnema miklu máli. Þeim fannst frábært að hafa námsaðstöðuna á Vonarlandi – því ekki hafa allir aðstöðu til að læra heima auk þess sem það er einmanalegt að híma við heimilistölvuna og læra og mikilvægt að geta samsað sig öðrum fjarnemum. Miðstöðvarnar skapa ákveðna tegund af akademísku umhverfi, sem er ekki og á ekki að vera samskonar og í háskólunum.

Könnunin sýndi fram á að hindranir sem fólk upplifði eru: Einsemd fjarnema, kostnaður við námslotur í heimaskólum, skortur á stuðningi, skortur á sérhæfðri aðstoð, skortur á aðstöðu, skortur á ákveðinni grunnfærni t.d. í tölvunotkun og upplýsingaleit, skortur á rekstrarfé vegna háskólanáms og skortur á námsframboði vegna fjölodatakmarkana.

Að lokum fjallaði Emil um ávinninginn, reyndar er skortur á tölfræðilegum upplýsingum en tölur sýna þó að fjarnemum við háskóla fjölgaði um 97% milli ára 2001 og 2002, fjárstreymi hjá miðstöðvunum hefur aukist og fjármagn hefur komið til frá aðlum atvinnulífsins. Umræðan og sú vinna við skráningu á raunfærni, sem hefur farið fram, verður að teljast jákvæð, sem og aukin þátttaka í símenntun, vitundarvakningin í fyrirtækjunum, aukningin á stuttu hagnýtu námi, menntunin sem nú býðst í atvinnuleysi og fjölmörg ný tækifæri til náms. Nýir markhópar í háskólanámi hafa komið fram og verið er að vinna í auknu jafnrétti til náms.

Emil sagði allt bera að sama brunni – aðstaða og þjónusta miðstöðvanna væri afgerandi fyrir farsæld fjarnema.

Að svo búnu opnaði Emil fyrir mælendaskrá

Sjá umræður á fylgiskjali

Að loknum umræðum tók fundarstjóri aftur við stjórn fundarins og bauð velkominn Helga Baldursson, verkefnastjóra fjarnáms við Tækniháskóla Íslands.

Helgi kynnti fjarnám á vegum Tækniháskólans. Hann sagði að farið hefði verið af stað með tvær greinar í fjarnámi, annars vegar Stafræna tækni og hins vegar stjórnun nýbreytni og tækninýjunga. Nemendafjöldinn væri 40 nemendur þrátt fyrir mjög stuttan undirbúningstíma.

Helgi sagði að í upphafi hefði hugmyndin verið að nota hefðbundið kennsluumhverfi, búið hefði verið að reyna að koma á hefðbundnu fjarnámi í tvö ár en það er nauðsynlegt að einhver beri ábyrgð á ferlinu og að festa það í sessi. Ekki var vitað hvaða tækni ætti að nota: Fjarfundabúnað, talsettar glærur, WebCam tækni og kennsluvef en farin var sú leið að nota talsettar glærur og kennsluvef. Skipulaginu er þannig háttað að staðnám og fjarnám er keyrt samhliða og staðnámið nýtt inn í fjarnámið og það samhæft þannig að ekki á að vera munur á því hvort menn eru í staðnámi eða fjarnámi.

Notaðar eru tvær til þrjár staðbundnar lotur á önn en þá er keyrt mjög stíft og Helgi lagði áherslu á að ekki væri prófað á vefnum því það væru ákveðnir gallar við það.

Samkeyrsla staðnáms og fjarnáms út frá tæknilegu sjónarmiði sýnir að staðnámið byggir á 3 önnum en fjarnámið tekur 6 annir og er keyrt á hálfum hraða. Nemendur eru teknir inn á haustin og geta komið inn í fjarnámið á hálfis árs fresti.

Helgi sýndi kennsluáætlun og sýndi hvaða fög eru keyrð á hverri önn og hvaða fög eru kennd í fjarnámi, einnig hvaða fög þurfa sérstaka undanfara.

Hann fjallaði um samskiptalíkan í rafrænu kennsluumhverfi en Tækniháskólinn er með miðlægan grunn sem þarf að geta hýst samskipti, fyrirlesari þarf að geta komið inn efni, líka nemendur og svo þurfa að geta átt sér stað einhver gagnvirk samskipti. Þetta sáu þeir fyrir sér í fjarnámsmöguleikanum.

Helgi sýndi tölvuumhverfið sem nemendur vinna í og þá möguleika sem það býður upp á.

Hann sagði aðalvandamálið að koma í veg fyrir tvíverknað í tengslum við að vinna efni fyrir staðbundið nám annars vegar og fyrir fjarnám hins vegar.

Mannlegi þáttur fjarnáms lýtur að nemendum, kennaranum og stjórnandanum sjálfum. Nemendurnir þurfa á ákveðnu skipulagi að halda, þeir eru oft haldnir ótta við nýja og framandi tækni, virkni hópa er mismunandi og félagslegi þátturinn mjög mikilvægur.

Það er mjög mikilvægt að sé ákveðinn taktur og festa svo nemendurnir upplifi ekki að þeir séu í lausu lofti í náminu. Félagsslegi þátturinn er eflur í gegnum fyrirtækjaheimsóknir og ýmsar uppákomur.

Kennarar:

Óöryggi, nýir vinnuferlar, ný tækni.



Samtök fræðslu- og simeintunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Stjórnandinn:

Samskiptahlutverk, upplýsingahlutverk, ákvörðunartökuhlutverk og eftirlitshlutverk

Niðurstaða

Reynt að vera með rafrænt kennsluumhverfi þannig að ekki skipti máli hvort nemandinn er í staðnámi eða fjarnámi.

Samhæft staðnám og fjarnám

Reynt að beita miðlum eins og talsettum glærum

Starfsþjálfun og hvatning

Helgi sagði þessa önn vera prófstein og hún myndi örugglega kenna þeim eitt og annað.

Fundarstjóri sagði formlega fundardagskrá tæmda og sleit fundi kl. 18:00.

Umræður á vofundi Kvasis, fimmtudaginn 29. apríl 2004

Umræður um: Uppbyggingu háskólanámssetra (þekkingarsetra)

Katrín Dóra

Ítrekaði að menn héldu sig við umræðuefnið hverju sinni og nú yrði sjónum beint að háskólanáminu

Arnór

Sagði mjög þarft að fá innlegg og umræður frá miðstöðvunum, því mál eins og hver væri þáttur miðstöðvanna í fjarnámi o.s.frv. væru óleyst. Þegar rannsóknir eru komnar inn og farið að tala um þekkingariðnað þá verður að skoða hlut sveitarfélaganna.

Varðandi netháskóla sagðist hann ósammála Rögnavaldi, það þyrfti að hafa módel sem menn hafa geta bent á að er í netháskólunum. Það væri hægt að kalla vettvanginn sem verður stofnaður netháskóla þó sá vettvangur verði mótaður af þessum aðilum.

Ólína

Hvernig stöndum við að uppbyggingu háskólanám á landsbyggðinni og hvert er hlutverk símenntunarmiðstöðvanna í því samhengi. Misskilnings gætir í því að miðstöðvarnar séu að taka að sér hlutverk háskólanna og séu fræðslustofnanir. Þjónusta við námið, forsjá og ábyrgð á náminu er tvennt ólíkt og ljóst að miðstöðvarnar þurfa að koma með virkum hætti að uppbyggingu háskólanna. Þörfin fyrir háskóla á landsbyggðinni er alltaf að koma betur og betur í ljós svo það þarf að virkja úrræði til að koma til móts við þær þarfir. Verðum að velta fyrir okkur um leið og við tölum um strúktúr þekkingarsetra, hvernig hægt er að standa að því að fullnægja þörfunum annars vegar fyrir fjarnám en byggja um leið upp staðbundið nám til að uppfylla grunnþarfir. Háskólarnir verða að bera ábyrgð á háskólanámi. Það má ekki vera afsláttur á gæðum háskólanáms. Þetta tvennt þarf þó ekki að stangast á. Hún varaði við því að menn gleymdu þeirri lífsnauðsynlegu uppbyggingu sem staðbundið nám þarf á að halda. Lagði áherslu á að uppbygging fjarnáms sé til lítils án uppbyggingar staðbundins náms. Ekki flækja málin með of mörgum hugtökum sem ekki er skipaður sess.

Háskólarnir hljóta að bera ábyrgð á kostnaði og kennslu sem þeir veita, en það verður að sinna uppbyggingu símenntunarhlutans og fjármagna hann sérstaklega.

Stefanía

Velti upp nokkrum atriðum og skýrði hlið háskólanna. Gæði náms eru á ábyrgð háskólanna og ákveðnar leikreglur í gangi í því sambandi t.d. hvernig kennarar eru metnir hæfir. Samstarfsnefndin er samsett úr þremur ólíkum hópum, ríkisstofnanir HA, HÍ og THÍ, einkaháskólar og háskólar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Ekki mikið samstarf milli þessara hópa yfirleitt.

Fjarnema-fjarnáms umræðan er á villigötum. Hugtakið fjarnám er oft mjög þröngt skilgreint og nauðsynlegt að víkka það í ljósi nýrrar margmiðlunartækni. Símenntunarmiðstöðvarnar ættu að horfa á hvernig hægt er að styrkja fullorðið fólk sem vill vera í háskólanámi en hefur klárlega aðrar þarfir en 16 ára nemendur.

Kostnaður er meiri við fjarnám, kennslukostnaður er hærri, það þarf sérstaka starfsmenn í skipulagningu og aðstoð og uppbygging ýmiss tæknibúnaðar og aðstöðu innanhúss verður að vera með hraðari hætti. Fjallaði um vandamál vegna þröngra fjárlaga, nauðsynlegt að hafna nemendum, og spurning hverjir komast að. Hún sagði THÍ geta annað mun fleiri nemendum en skólinn þyrfti leyfi fyrir miklu fleiri nemendum.

Emil Björnsson

Varðandi samstarf miðstöðva og háskóla sagði hann að þyrfti að skapa traustan samstarfsgrundvöll. Hefur setið fundi þar sem hann fann meiri samkeppni en samstöðu. Kvasir er traustur vettvangur í sjálfu sér en stríðir við sama vandamál og miðstöðvarnar hann hefur ekki status og er hvergi skilgreindur í lögum eða reglugerðum. Það skortir því status þrátt fyrir að það sé líka styrkur í formi sveigjanleika en hraði uppbyggingarinnar hefur verið mjög mikill. Það þarf að skilgreina réttindi og skyldur félagsskaparins.

Inga Sigurðardóttir

Kom inn á fjármögnunina og aðkomu sveitarfélaganna. Þau hafa víða komið vel að háskólanáminu og stutt við símenntunarmiðstöðvarnar, eru jafnvel aðili að þeim. Það er ákveðinn þröskuldur fyrir samstarfi við sveitarfélögin. Þarf að velta fyrir sér hver ber skylduna til að greiða fyrir námið. Ósanngjarnt gagnvart sveitarfélögunum að sum þeirra eigi að greiða háskólanám en önnur ekki. Þau hafa komið að fjármögnun og víða með rausnarlegum hætti en það er þessi þröskuldur sem við verðum að vera meðvituð um.

Baldur Dýrfjörð

Velti fyrir sér hvernig skóli og nám framtíðarinnar verður. Skilin milli grunnmenntunar og símenntunar. Hingað til byggjum við skólana upp með mikilli formfestu en svo eru önnur dæmi um nemendum í námi í veggjalausum skóla. Ef við förum á viðamikni námskeið hjá háskólunum kosta þau mörg hundruð þúsund en ef við skráum okkur í dagskóla og tökum einn áfanga getum við gert það á tiltölulega vægu gjaldi. Hvernig á að forgangsraða, hverjir fá menntun fyrir lítið eða ekki neitt og hverjir eiga að borga?

Steinþór

Ef háskólarnir hefðu byrjað á að byggja fjarnám og síðan byggt upp miðstöðvar þyrftum við ekkert að velta fyrir okkur kostnaðarskiptingu. Eigum við að vera að leita að framtíðarlausn eða líta á þetta sem þróunarverkefni og leita að lausn til skemmri tíma. Á heimsvísu er þróunin hröðust í símenntun sem byggir ekki á neinum miðstöðvum.

Sólrún

KHÍ hefur hvað lengsta reynslu í fjarnámi. Viðhorf til náms hefur breyst með hraðri tækni og múrar hafa fallið milli faga á háskólastigi þannig að fólk er farið að setja saman sitt eigið nám. Fólk getur núorðið tekið þverfagleg fög og hannað sitt eigið nám.

Finnst atvinnulífið vanta í umræðuna um kostnað og fjármögnun. Er ekki einhver grundvöllur fyrir því að atvinnulífið komi að uppbyggingu menntunar, byggðarlaginu til eflingar og hagsbóta?

Björg Árnadóttir

Spurði hvort sé þörf á skipulögðu samstarfi um framhaldsskólanám á landsbyggðinni og hvort símenntunarmiðstöðvarnar gætu sinnt því

Katrín Dóra

Fjarnemi er hver sá nemandi sem nýtir sér fjarnámsaðstöðu. Mjög mikilvægt að halda utan um þá nemendur og orðið fjarnemandi gott sem slíkt. Ljóst að háskólarinn vilja veita fjarnám og miðstöðvarnar vilja veita þjónustu. Það er líka ljóst að þetta kostar og það þarf að skilgreina hvernig á að bregðast við kostnaðinum í þessu sambandi. Það er arðbærara fyrir samfélagið að hafa mann í námi með vinnu en eingöngu í námi.

Varðandi samstarfið og hvort ætti að vera formlegra samstarf er ekki spurning að það er mikil þörf á því hvað snertir marga þætti og ljóst að þarf að bregðast við því.

Jens Pétur Hjaltested

Hvað eiga nemendur að greiða? Á ríkið endalaust að standa straum af menntun þegna sinna eða á ríkið að greiða fyrir þá sem eru í sínu fyrsta námi og hinir sjálfir að standa straum að sínum kostnaði?

Líneik Anna

1. Umræðan öll hnígur að því að námið og kennslan sé á ábyrgð háskólanna og þar með sé eðlilegt að þeir greiði fyrir það en eftir stendur að fjármagn vegna þjónustu við fjarnám kemur eftir öðrum leiðum.

2. Nemandi sem vill nýta sér þjónustu símenntunarmiðstöðvar verður að vera skráður. Allir fóru framhjá því að svara hversu víða þarf að veita þjónustuna

3. Það þarf að vinna í þessu samstarfi að móta það hvort sem það verður kallað netháskóli eða hvað.

Anna Kristín

Hlutverk símenntunarmiðstöðvanna eru skýr og þau eru skilgreind í skipulagsskrám hversrar stöðvar.

Jón Hjartarson

Kastar fram spurningunni, hvernig urðu símenntunarstöðvarnar til? Ekki má gleyma því að þær eru sprotnar upp úr grasrótinni af þörf. Þær auka félagsauð. Hann minnir á grunnverkefni fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Umræður um: Hlutverk, fjárhags- og starfsgrundvöll miðstöðvanna

Katrín Dóra

Hefur talað hart fyrir grunnverkefnum okkar í okkar hóp. Við eigum mikið samstarf við svæðisvinnumiðlun. Fólk segir að atvinnulífið og svæðisvinnumiðlun eigi að greiða fyrir þjónustu okkar en hvatningarvinnan sem við þurfum að leggja í til að sé markaður og grundvöllur fyrir samstarfi þessara aðila stendur alltaf út af borðinu.

Þúnn Antonsdóttir

Kannski er hvatningarhugtakið stærsta grunnverkefni miðstöðvanna: Hvetja fólk til náms, stofnanir til að auka framboð náms og námsleiða, hvetja atvinnufyrirtæki og stéttarfélög til að standa með okkur í að efla nám í hvaða mynd sem er. Eðli málsins samkvæmt eru miðstöðvarnar í mjög misjöfnu umhverfi og fjárbörf alls staðar fyrir hendi auk þess sem starfsgrundvöllur þeirra er mjög misjafn. T.d. sagði Þúnn sitt starfssvæði vera svæði hins dreifða og fámenna. Litlu sveitarfélögin hafa ekki bolmagn hversu sem þau vilja, til að veita fé til fullorðinsfræðslumála. Að minnka lágmarkspáttöku og aðkoma ríkisins er ein af mjög fáum leiðum til að berjast fyrir jafnrétti til náms á svæði eins og því sem Þúnn starfar á. Atvinnulífið, stór fyrirtæki sem vilja leggja fé til þessara mála er ekki til að dreifa á þessu svæði. Mannauður og metnaður er mikill en háskólamenntun frekar undantekning en hitt. Námsframboðið hefur mikið tekið mið af því að brúa bil milli lítillar formlegrar grunnmenntunar og því að fólk treysti sér til að hefja æðra nám. Sagðist vilja sjá jafnrétti til náms og menntunarmöguleika sem allra víðast en ekki endilega háskólanámssetur.

Arna Jakobína Björnsdóttir

Lýsti áhyggjum af fólkinu sem minnsta menntun hefur, það er í hættu á vinnumarkaði. Við verðum að huga meira að þeim og finna upp einhverskonar styrkingarnámskeið. Því orðin ákveðin mettun á því að fólk geti sótt háskólanám án einhvers undirbúnings. Hópurinn 16-24 er ákveðinn áhersluhópur, nauðsynlegt að brjóta upp námsmöguleikana og bjóða upp á fjölbreyttari leiðir sem henta fleirum. Bregðast við útbrunnum nemendum sem koma upp úr grunnskóla. Börn og unglingar í dag ganga ekkert beint í vinnu, þurfa starfsreynslu, tækniþekkingu o.s.frv. Breytingar miklar hjá fyrirtækjunum og þær bitna á fólkinu með minnsta akademíska grunninn og minnstu starfsreynsluna.

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Sagði ýmis námskeið sérsniðin fyrir vinnustaði, það væri hins vegar ekki til neitt mat á þeim sem fólk gæti tekið með sér, fólk fær skírteini en námskeiðin eru hvergi metin inn í skólakerfið. Spurði hvort fólk hefði tilfinningu fyrir því að vinnustaðatengda námið væri gott veganesti fyrir þá sem taka þátt í því.

Líneik Anna Sævarsdóttir

Sagði grunnverkefnið hjá sér vera að velta u.þ.b. 18 milljónum króna á meðan seld símenntunarverkefni veltu 22 milljónum króna, sem voru verkefni sem atvinnulífið og sveitarfélagið hafa verið að greiða fyrir.

Sagði brýnt að hafa með í umræðunni samstarf miðstöðvanna og framhaldsskólanna í títtnefndri hvatningarvinnu.

Varðandi meiri aðkomu sveitarfélaganna mega menn ekki gleyma hlutverki þeirra sem yfirleitt er ekki að taka þátt í rekstri óskyldra stofnana og lagasetningar ganga sífellt lengra í að banna að þau geri slíkt.

Rögnvaldur Ólafsson

Talaði um grunnmenntunin í landinu. Á Íslandi borgar ekki ríkisvaldið fyrir uppfærslu menntunar fólks á landsbyggðinni og hann sagði það sína hræðilegu tilfinningu að það væri ekki á okkar færi að breyta þessu, búið sé að taka pólitíska ákvörðun um að þetta komi ríkinu ekki við, atvinnulífið og sveitarfélögin þurfi að taka þann slag. Mikilvægt að reyna að breyta þessari pólitísku ákvörðun.

Katrín Dóra

Svaraði spurningu Önnu Kristínar. Vinnustaðanám hefur mikil áhrif á sjálfsmynd og hennar reynsla að þegar fólk hefði ekki reynslu af námi væri tengingin við starfið oft það sem aðstoðaði fólk við að fara af stað.

Sagði mikilvægt að mat á óformlegu námi gengi hraðar fyrir sig en hefur verið. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins dregur vagninn í þessu verkefni.

Arna Jakobína Björnsdóttir

Kallaði eftir því að nefnd hannaði raunmat á reynslu og þekkingu vinnumarkaðsins. Varðandi að búa til grunnnámskeið – vöxtur og þroski eða hvað á að kalla það. Ef svona námskeið eru sett upp á fólk venjulega greiða leið að styrkjum hjá sínum starfsmenntasjóðum.

Kristín Njálisdóttir

Sagði atvinnulífið hafa komið hressilega að símenntunarmálum undanfarin 3 ár og nefndi í því sambandi að þau samtök sem hún starfaði fyrir hefðu lagt í það 200 milljónir króna. Rekstrargrundvöllur fræðslusjóða var tryggður í síðustu kjarasamningum og sjóðirnir munu því eftir sem áður starfa að símenntunarmálum í samvinnu við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Kristín sagði sína sjóði hafa haft aðkomu að h.u.b. öllum grunnverkefnum símenntunarmiðstöðvanna með einum eða öðrum hætti.

Ólafur

Sagði frá verkefni sem er í gangi á Suðurnesjum þar sem atvinnulausu fólki (16 ára og eldri) er boðið upp á einingarbært bóknám annars vegar og hins vegar starfstengt nám á vinnustað. Boðið verður upp á þetta á tveimur stöðum, í fjölbrautarskólanum og hjá svæðisvinnumiðlun. Það sem er nýstárlegt í þessu er að fólk er að læra en heldur bótum á meðan.

Jens Pétur Hjaltsted

Ræddi skiptingu fjármagns til miðstöðvanna. 81 milljón fór beint til þeirra og 10,8 í FS netið. Varðandi grunnáherslur miðstöðvanna má sjá að mestur tími og fjármagn fer í háskólanámið, sem samræmist þó ekki markmiðunum með miðstöðvunum og það þarf að skoða.



Samtök fræðslu- og simeintunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Varðandi mat á raunfærni er nú mikil áhersla lögð á mat á óformlegu námi og mikið lagt í að finna leiðir til að meta kunnáttu starfsmanns sem t.d. hefur unnið allan sinn starfsaldur á einum stað.

Sagði að þeir sem klára framhaldsskóla á Íslandi eru að gera það seinna en í löndunum í kringum okkur. Þetta fólk er að sækja sér menntun á kostnað ríkisins.

Hulda Ólafsdóttir

Talaði um aðkomu ríkis og sveitarfélaga að fjármögnun náms og jafnrétti til náms. Hún sagði að ríkið styrkti enga fullorðinsfræðslu utan formlega kerfisins og sama ætti við um Reykjavíkurborg. Mikilvægt væri að setja þetta í heildarþakka og tryggja aðkomu ríkis og sveitarfélaga að fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni.

Fjallaði um grunnmenntaskólann og hvernig hann sparar ríkinu hundruð þúsunda með því að mennta fólk sem fær menntun sem framhaldsskólarnir meta sem allt að heilsársnámi í framhaldsskólunum.

Veltir fyrir sér að hve miklu leyti lágt menntunarstig á landsbyggðinni hefði með viðhorf til menntunar að gera og í framhaldinu hvernig væri hægt að vinna með það viðhorf.

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Sagði að ef ekki verður meiri kröftum beint í grunnmenntunina hljóti þörf fyrir háskólanám að mettast fljótt. Það er búið að vinna árum saman að því að hækka menntunarstig í gegnum vinnustaðamenntun en meðan það er ekki metið kemur það hvergi fram í neinni tölfærði og þjóðin heldur áfram að vera jafn ómenntuð á pappírnum.

Jón Hjartarson

Segir vera þörf á umræðu um þessi mál og að taka þurfi þessa þætti inn í nefndarstörf.

Umræður um: Hver er reynslan af starfi miðstöðvanna undanfarin ár

Spurt hvernig hefði gengið að bjóða upp á annað nám en háskólanám og Emil svaraði því til að það hefði gengið mjög vel, háskólanámið hefði þó forgang og því hefði þurft að halda námskeið annarsstaðar þess vegna. Emil undirstrikaði að tekist hefði að skapa akademískt umhverfi fyrir alla sem sækja Vonarland (háskólanámssetrið á Austurlandi).

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Velti upp spurningunni um í hvaða umhverfi miðstöðvagnar ættu að staðsetja sig því sennilega væri ekki sterkt að tengjast háskólanum of fast. Það getur verið að virka hjá Vonarlandi því ímynd þeirra sé nógu sterk til að þeir geti leyft sér annað varðandi staðsetningu.

Smári Haraldsson

Sagði háskólanám og aðra símenntun fara ákaflega vel saman, spurningin snérist um út frá hverju fyrirbærin væru hugsuð. Þau eru einstaklingsmiðuð og allir hefðbundnu skólarnir eru stofnanamiðaðir. Fólk sem sækir námsver er ekki að ganga inn í stofnun heldur inn í vinalegt umhverfi. Hann sagði þetta fara vel saman og háskólanámið dregur vagninn. Fólk hittist, sér aðra í námi og það er mikill hvati.

Skúli Thoroddsen

Skortur á aðstöðu þýðir að það er ekkert að gerast þannig að símenntunarmiðstöðvagnar og kjarninn í kringum þær eru ákveðið andsvar við þörf fyrir menntað fólk og menntun fyrir fólk sem vill læra. Kallar á þróun, hvernig geta miðstöðvagnar bætt þennan skort á aðstöðu? Þegar símenntunarmiðstöðvagnar hafa farið svona mikið inn á háskólanámið var það til að svara ákveðinni þörf en fjarnámið stendur hins vegar ekkert og fellur með símenntunarmiðstöðvunum.

Rögnvaldur Ólafsson

Varðandi aðstöðuna skiptir ekki öllu máli hvort er um háskóla eða ekki háskóla að ræða, heldur aðstaðan sem slík. Aðstaða þar sem fullorðnu fólki líður vel að vinna að sínu námi. Rögnvaldur sagði nauðsynlegt að skekkja ekki gögn í umræðu um tölfræði. Tvennt sem hægt er að skekkja í þessari umræðu og það fyrsta er fjármagn en samkvæmt lögum er enginn opinber aðili sem ber skylda að fjármagna símenntun. Annað sem skiptir máli er “drive-ið”. Annars vegar er hópur sem er minnimáttar og við þurfum að drífa áfram og hvetja og hins vegar erum við með hóp sem drífur sig áfram sjálfur. Við verðum að hleypa þeim fram sem hafa “drive-ið” en líka að hjálpa hinum.

Smári Haraldsson

Sagðist sammála Rögnvaldi. Við verðum að hafa nám nemendamiðað og háttá tækni í samræmi við þarfir nemendanna, sumir geta setið við tölvu heima hjá sér en aðrir þurfa aðgang að ákveðinni aðstöðu á ákveðnum tímum o.s.frv.

Inga Sigurðardóttir



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Gerði, vegna ummæla Skúla Thoroddsen, grein fyrir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Hún sagði hægt að koma sér upp aðstöðu án þess að byggja hús.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Sagði nauðsynlegt að skoða sundurliðaða starfsemi miðstöðvanna einfaldlega svo hægt væri að áætla við hverju mætti búast í framhaldinu.

Verið að reyna að meta árangur þess starfs sem við höfum haft stuðning til að meta hvernig framhaldið geti orðið.

Umræður um kynningu á fjarnámi í Tækniháskóla Íslands

Smári Haraldsson

Finnst of mikil áhersla á að fjarnám sé hlutanám, sumir vilji einfaldlega fullt nám.

Rögnvaldur

Spurði um tæknilegar úrlausnir því það er erfitt að koma tölfræðilegum táknum til skila í gegnum fjarnámið og Helgi svaraði því til að rafrænar töflur gætu hugsanlega leyst þetta með hljóðskrá.

Líneik Anna

Sagði 20 nemendur hafa hafið þetta nám, sá hópur væri samansettur af nemendum sem ekki hafa áður nýtt sér upplýsingatækni og það geti staðið honum fyrir þrifum. Vildi koma á framfæri ósk um meiri kennslu í upplýsingatækni áður en fólk fengi að hefja svona nám.

Steinþór

Spurði um félagslega þáttinn og hvort væri samvinnuverkefni, hópavinna eða þess háttar? Helgi sagði svo vera í gegnum umræðuvefinn, sem væri eitthvað sem þyrfti að þróa betur þrátt fyrir mjög góða virkni í því, síðan snérist sá þáttur svolítið mikið í kringum símenntunarmiðstöðvarnar þar sem nemendur hittast til að fara yfir efnið og það hefur gefist mjög vel.

Varpaði fram hugmynd um verkefni sem byggir á að nýta þá aðstöðu sem er til staðar í mörgum bæjarfélögum og virkja þann drifkraft sem býr á staðnum og reyna að fara út í eins konar nýsköpun. Íþróttta og viðburðastjórnun. Hugmyndin kviknar út frá því að á stöðunum eru öflug íþróttafélög og íþróttastöðvar þar sem haldin eru gríðarlega umfangsmikil mót: Pollamót í eyjum, Halló Akureyri, stór skíðamót á Ísafirði o.fl. Þetta eru verkefni sem spretta upp úr grasrótinni. Mikil drift í mörgu fólki sem starfar fyrir íþróttafélögin og spurning um að virkja þá drift til að þjálf einstaklinga á sama hátt og gert er í íþróttafélögum. Það geta verið einstaklingar sem væru kannski á atvinnuleysissskrá af líkamlegum ástæðum eða eitthvað annað. Þeir vilja "formúlera" þetta þannig að náminu yrði skipt í tvennt: Bóklegur hluti með greinum eins og verkefnisstjórnun og ýmsum praktískum áföngum og gera einstaklingana sjálfstæða í gegnum þetta. Þeir sjá fyrir sér sýningar og ráðstefnur í því sambandi. Þegar "Pilotverkefnið" er búið geta fleiri símenntunarmiðstöðvar komið inn í þetta því þá er hægt að flytja þekkinguna á milli staða. Þær gætu þá sérhæft sig í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þeir telja að þetta geti orðið landsverkefni, sem er hugmyndin.

Katrín Dóra sagði spennandi að sjá hvernig gengur hjá Visku. Mjög mikil reynsla orðin til í skipulagningu viðburða og hlýtur að vera hægt að nýta þá kunnáttu í þessu sambandi.

Aðalfundur KVASIS, haldinn á Hótel Keflavík föstudaginn 30. apríl 2004

Skýrsla stjórnar

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, fjölda funda og helstu verkefnum starfsársins.

Baldur Dýrfjörð þakkaði góða skýrslu og gott starf stjórnar.

Inga Sigurðardóttir gerði grein fyrir ársreikningum félagsins, hún sagði veltu vera óvenju háa vegna þess að menntabruin kom í gegn á starfsárinu en flestar tölur koma inn á einum stað og út annars staðar. Tap var á árinu 2003 sem fylgir yfir á þetta ár.

Varðandi árið í ár er það gert upp í þremur dálkum, fyrst það sem af er árinu svo áætlun og í þriðja dálkinum samtala.

Ef áætlunir eru raunhæfar verður árið um 300 þúsund í mínus. Stjórn mun leggja til að hver miðstöð leggi til 30 þúsund til viðbótar fyrir þetta ár og á næsta ári verði félagsgjöld hækkuð úr 70 þúsund í 100.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til samþykktar eins og hann var kynntur hér.

Sjá umræður á fylgiskjali

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Starfsnefndarskil

Pétur Ingi Björnsson gerði grein fyrir aðild að starfshóp um FS-netið. Hann kynnti reglur um tengingu og notkun FS-netsins, sem hann sagði þó að væru ekki endanlegar. Hann bað fundarmenn að skoða liði 1,4,5 og 6 í reglunum. Þetta er hluti af því sem hefur tekið langan tíma að setja saman og þörfin orðin mjög brýn. Hvað má og hvað er bannað að gera á netinu og kröfur til tengdra aðila. Hann óskaði eftir að menn læsu plaggið við tækifæri og kæmu til hans athugasemdir ef einhverjar eru.

Pétur Ingi sagði frá því hvað stjórn hefur verið að sýsla.

Í fyrsta lagi var farið fram á það við Landssímann að skipt yrði út endabúnaði á öllum stöðunum vegna ónægðrar bandbreiddar.

Reglur um FS-netið eru komnar á koppinn og verða vonandi samþykktar og sendar út á næsta stjórnarfundum.

Stjórn hefur verið að fá fyrirspurnir héðan og þaðan frá aðilum sem vilja koma inn á netið og þurft hefur að taka tillit til þess hverjir færu inn á netið og hverjir ekki.

Reikningar FS-nets eru farnir í loftið og er rukkað fyrir árið 2003. Rekstraáætlun til næstu þriggja ára byggist á því að þessir reikningar verði greiddir.

Vinna við að koma gagnaflæði á netinu í lag er komin í gang. Álagið er sérstaklega mikið á milli kl. 16 og 19 og þarf að laga það.

Fyrirhugað á næstunni er stækkun á utanlandsgáttinni úr 10 Mbps í 40Mbps.

Stjórn FS-nets skipa:

Arnór Guðmundsson, Menntamálaráðuneyti

Sigurður Sigursveinsson, FÍF



Varamaður Sölvi Sveinsson, FÍF

Sæþór L. Jónsson, Rhnet

Ágúst Valgeirsson, Notendafélagi FS-nets

Pétur Ingi Björnsson, Kvasir

Katrín Dóra spurði hvort væri möguleiki að stækkunin hefði einhvern kostnaðarauka í för með sér fyrir miðstöðvarnar en Pétur svaraði að svo yrði ekki.

Pétur Ingi sýndi hvernig hægt er að fylgjast með álagi á Fs-netinu með því að fara inn á www.fsnet.is og <http://eftirlit.fsnet.is/mrtg2> .

Frá stjórn Fs-nets:

Til framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva.

Stjórn FS-netsins hefur undanfarið haft til skoðunar stærð á internetgátt netsins. Ljóst er að afköstin eru óviðunandi og tryggja þarf viðunandi hraða og virkni á FS-netinu. Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því í samvinnu við stjórn FS-nets að lausn fái á þessu máli fyrir næsta skólaár.

Með kveðjur, Arnór

Ína spurði um reikninginn frá Menntamálaráðuneytinu hvort ekki væri hægt að láta senda hann á útstöðvar og Pétur svaraði því neitandi.

Líneik mælti með því að fundurinn fæli Pétri að halda kynningarfundi um FS-netið.

Samþykkt var að Pétur sæti áfram í stjórn FS-nets fyrir hönd Kvasir.

Líneik fjallaði um vinnuhóp um þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið og greindi frá þeirri vinnu sem farið hefur fram innan hópsins. Hún sagði engar athugasemdir hafa borist frá símenntunarmiðstöðvunum.

11. mars s.l. hitti vinnuhópurinn Menntamálaráðherra, aðstoðarmann hennar, Jens Pétur og Arnór. Þar kynntu þau okkar málefni.

Líneik, Iðunn og Katrín kynntu líka okkar málefni fyrir iðnaðarráðherra tveimur dögum fyrr.

Það er erfitt að segja hverju svona fundir skila en það var vel tekið á móti þeim og þau fengu góðan tíma til að fara með mál sitt.

Sjá umræður á fylgiskjali

Smári fjallaði um stofnun heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi. Fyrir því eru tvær meginástæður: Fullorðinsfræðsla og áhugi fyrir henni er greinilega mjög vaxandi auk þess sem hún er að skapa sér meiri sess og formfestast þannig. Því er mikilvægt að það sé einhver aðili sem stjórnvöld geta leitað til og sem kemur fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar. Það er jafn mikilvægt að þessi aðili sé þannig að Kvasir hafi aðgang að málefnum. KVASIR hefur á vissan hátt unnið sem fulltrúi fullorðinsfræðslu í landinu en líkur eru á að það geti breyst með aukinni formfestu á náminu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er kominn inn og er búin að gera samning við ráðuneytið

og það er eðlilegt að stjórnvöld muni leita í auknu mæli til þess aðila sem þau hafa gert samning við. Ef rödd Kvasis verður óbreytt þá verðum við ekki eins sterk. En ef við lítum út fyrir landsteinana er fyrirkomulagið ekki gott. Heildarsamtök í löndunum í kringum okkur vilja leita til systuraðila á Íslandi sem hafa ekki verið til. Það er ýmislegt sem kallar á að hér sé einhver einn aðili sem hægt er að leita til. Stjórn Kvasis kallaði til aðila sem málið snertir og átti þrjá fundi með þeim aðilum, þá var gerð breyting þannig að við tilnefndum einn aðila (Smára) í hópinn. Það voru fengnar tillögur frá samstarfsaðilum um fulltrúa þeirra í framhaldsvinnunna. Jafnframt voru boðaðir fleiri aðilar, Starfsmennt, Námsflokkar Reykjavíkur og Hafnafjarðar, Fræðslumiðstöð Málmiðnaðarins og Iðnaðarins. Með breyttri skipan hefur verið haldinn einn fundur og annar boðaður. Fyrst og fremst hefur verið reynt að átta sig á hverjir ættu að eiga aðila að samtökunum. Niðurstaða var að byrjað yrði á því að tala við samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og ekki eru formlegir skólar. Trúlega mun þeim aðilum fjölga sem koma að þessu.

Sjá umræður á fylgiskjali

Inga fjallaði um ráðstefnu um vottun náms sem fram fór í Stokkhólmi sl. haust að tilstuðlan Norræna ráðherraráðsins. Þar var fjallað um mat á óformlegu námi. Hún sagði að fulltrúi frá hverju landi fyrir sig hefði kynnt stöðu hvers lands og Ólafur Grétar hefði gert það fyrir Íslands hönd. Hans kynningu er að finna á heimasíðu ráðuneytisins. Svo var hópvinna og umræður og hópvinna og umræður og alla erlendu fyrirlestrana er að finna á slóðinni:

http://www.slolutvecklin.se/vux/infrastruktur/vuxvalidering_seminarium.shtml

Það sem menn voru að velja fyrir sér var hvort hægt væri að sjá fyrir eitthvað norrænt módel um mat á óformlegu námi og svarið við því var nei. Því þjóðirnar eru að gera þetta með ólíkum hætti þó ýmislegt sé sameiginlegt.

Inga hvatti alla til að kynna sér þessi mál á heimasíðunum sem hún nefndi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er hinn opinberi aðili á Íslandi sem á að vinna að þessu og okkar hlutverk að fylgjast vel með því og leggja okkar til málanna.

Endurskoðun samþykkt kynnt

Baldur kynnti endurskoðaðar samþykktir og lýsti sig reiðubúinn til að svara spurningum.

Guðjón sagði sjöttu greinina hafa vafist fyrir mönnum en í sínum huga þætti honum að í stjórn yrðu að sitja tveir forstöðumenn eða framkvæmdastjórar og svo gæti verið einn stjórnarmaður.

Ólafur bætti við að þegar tekið er á ákveðnum málum er styrkur af því að geta kallað til stjórnarmenn í umræður.

Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Katrín Dóra sagði frá félagsfundi í febrúar þar sem kynntar voru samningsumleitarnir milli Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, þetta var jafnframt tekið fyrir á fundi stjórnarmanna miðstöðvanna og sameiginleg niðurstaða að

einstakar miðstöðvar ættu að bíða með að gera samninga og menn að velta fyrir sér hvort væri eðlilegra að Kvasir gerði samning og svo yrðu gerðir sérstakir verkefnasamningar milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og miðstöðvanna. Katrín fékk það hlutverk að gera drög að heildarsamningi fyrir félagið. Hún hringdi í allar miðstöðvarnar, fékk athugasemdir og það liggur fyrir fundinum að ákveða hvernig menn vilja taka næsta skref.

Sjá umræður á fylgiskjali

Gert hádegisverðarhlé kl. 12:10

Fundi framhaldið kl. 13:30 undir fundarstjórn Baldurs Dýrfjörð.

Kynningarmál Kvasis

Katrín Dóra sagði að stjórnin væri að koma fram fyrir mismunandi aðila og kynna áherslur félagsins. Því hefur stjórnin velt því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að fjárfesta í einhverjum kynningargögnum. Má þar nefna heimasíðu eða kynningarmöppur þar sem gott væri að eiga eitthvað sameiginlegt efni þó ekki væri nema möppu sem hægt væri að skipta um efni í.

Það væri mjög sterkt að hafa sameiginlegan kynningartexta og Smári byrjaði að vinna hann, Líneik hefur svo verið að yfirfara og bæta við hann

Rétt er að senda út fréttatilkynningar af vor- og haustfundum þar sem koma fram upplýsingar um t.d. nýja stjórnarmenn og brýnustu málefni eða ályktanir hverju sinni.

Það hafa borist fyrirspurnir varðandi það að vera með kynningarbása á ráðstefnum samstarfsaðila eins og t.d. á UT. Við höfum ekki geta orðið við því að vera með fram að þessu sökum tímaskorts. Við þurfum að ákveða hvort við viljum geta tekið þátt í slíku í framtíðinni.

Ólafur sagði mjög mikilvægt að gera þetta og spurði hvort væri til eitthvað efni t.d. á skandínávísku eða ensku.

Íslenskukennsla fyrir fólk af erlendum uppruna

Smári Haraldsson lét ganga gögn um íslenskukennslu

Upplýsingum var safnað í vetur og þau gögn hafa miðstöðvarnar þegar fengið.

Alls voru 722 nemendur í íslensku á vegum miðstöðvanna. Tiltölulega fáir greiddu fyrir kennsluna sjálfir án þess að fá styrk á móti. Annaðhvort greiddu fyrirtækin fyrir sitt starfsfólk eða það fékk styrk frá starfsmenntasjóðunum. Hlutur

Menntamálaráðuneytisins er hins vegar mjög lítill eða innan við 20% (um 4 m.kr.) og það er fyrirsjáanlegt að hlutur ráðuneytisins er að minnka og verður minni á þessu ári en á því síðasta. Sömu upphæð er veitt en þátttakendum fjölgar. Vandamál kennslunnar er fyrst og fremst kostnaðurinn og fjármögnunin því ekki er sjálfgefið að starfsmenntasjóðirnir komi að þessu með sama hætti og verið hefur. Það er mikil óánægja með lítinn þátt ríkisins. Sumir útlendingarnir eiga svo ekki rétt á slíku framlagi

og þurfa því að greiða sjálfir. Það vantar að skilgreina hvað á að vera inn í þessum 150 tímum sem eru áskyldir svo útlendingar fái búsetuleyfi og hvort það eigi að vera sama fyrir alla. Hóparnir eru 3, vesturlandabúar, Pólverjar og asíubúar og það er ekki það sama sem hentar þessum hópum þó lagaramminn í dag taki ekki tillit til þess. Það þarf að skilgreina markmið með kennslunni og í framhaldi af því hafa námsefni við hæfi. Ekki má gleyma að mennta kennarana. Það er lítið að gerast í þessu núna og óásættanlegt að framþróun felist í því að einkafyrirtæki semji við ráðuneytið. Því fór fjölmeningarsetrið fram á það við miðstöðvarnar að þær yrðu með í því að setja á fót málþing um málefnið. Jón og Smári voru settir í þann vinnuhóp. Ráðstefnan var áætluð í vor en henni var frestað til vorsins.

Líneik velti fyrir sér í greinargerðinni að þar er ekkert minnst á kennsluleiðbeiningar um íslenskuleiðbeiningar fyrir fullorðna með íslensku sem sitt annað mál.

Utanhald á upplýsingum

Varðandi sameiginlegar upplýsingar hefur Smári ekki fengið gögn frá öllum miðstöðvunum og notaði tækifærið til að óska eftir að fá þau gögn, bæði fyrir 2002 og 2003. Ef formið sem var útbúið passar ekki má breyta því, aðalmálið er að upplýsingarnar komist til skila.

Menntabruin

Inga fjallaði um menntabruina og réttindi og skyldur, tekjur og kostnað af henni. Hún fjallaði um samning um eignaraðild, notkun og rekstur Menntabruar en þeim samningi var dreift á fundinum.

Stjórn fékk umboð til að velja þá leið sem telst henta best og ef það virðist of flókið verður málið tekið upp aftur.

Formleg tillaga um gjaldskrá samþykkt.

Erlent samstarf

EAEA eru í dag einu formlegu samtökin sem Kvasir er í. NFA (nordens folkilga akademi) hefur veri lagt niður og FoVU er núna SVL. SVL hefur umsjón með Nordplus styrkjakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar en Nordplus voxen er mest spennandi fyrir okkur.

Hugmyndin að heildarsamtök um fullorðinsfræðslu á Íslandi verði tengillinn við SVL

Okkar samstarf hefur verið á þessum vettvangi auk þess sem einstaka miðstöðvar hafa sótt ákveðnar ráðstefnur erlendis og komið að evróuverkefnum.

Markviss

Guðjónína talaði um þjálfun Marviss ráðgjafa en í dag áttu að koma svör frá miðstöðvunum hvort væru kandidatar í þjálfun. Það kom fram að lágmarksfjöldi



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Þátttakenda til að taka þátt í þjálfun eru 5 þátttakendur. Þjálfunarverkefnið er til staðar og skorað á miðstöðvarnar að gera það mögulegt með fjölda þátttakenda. Búið að boða til fundar 27. maí í markvisshópnum og sú dagsetning stendur.

Lokaskýrsla verkefnastjórnar um símenntun

Inga lýsti vinnu verkefnastjórnar um sérstakt fimm ára átak í þágu símenntunar. Fram kom í máli Ingu að ef vinna verkefnastjórnarinnar verður ekki framlengd þá verður ekkert úr viku símenntunar og mun hún því leggjast af.

Það voru skiptar skoðanir um hvort ætti að halda úti viku símenntunar og sýndist sitt hverjum.

Bryndís sagði viku símenntunar hafa gefist vel en tímasetningin væri ekki hentug það væri betra að hafa hana að vori áður en umsóknarfrestir til skólavistar væru liðnir.

Katrín taldi viku símenntunar vera mikilvæga vegna fjármagns til miðstöðvanna og hvatningar til símenntunar.

Önnur mál

Inga kynnti bréf frá Önnu Ólafsdóttur, Háskólanum á Akureyri um fund vegna framkvæmdar fjarkennslukennslu. Ákveðið var að koma á starfshópi til að vinna í málinu.

Afgreiðsla tillagna, ályktanir og kosningar

Tillaga 1.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni ályktar með eftirfarandi hætti í kjölfar skipunar starfshóps um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins.

Kvasir fagnar skipun starfshópsins og því verkefni sem honum er ætlað að fjalla um.

Engu að síður vill aðalfundurinn koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri er tengjast skipun starfshópsins og því verkefni sem honum er ætlað að fjalla um.

Ljóst er að viðfangsefni starfshópsins er mjög víðfeðmt og honum í raun ætlað að fjalla um alla grundvallarþætti starfs miðstöðvanna. Ef horft er til markmiða miðstöðvanna eins og þeim er lýst í skipulagsskrám þeirra, þá hafa þær þjónustuhlutverki að gegna við mjög marga aðila; íbúa, stofnanir, fyrirtæki, menntastofnanir, stéttarfélög, sveitarfélög o.fl. Miðstöðvarnar eru grasrótarsamtök sem eru stofnaðar af frumkvæði þeirra aðila sem hér voru taldir og því mikilvægt að tryggt sé að sjónarmið þeirra komist með skýrum og ákveðnum hætti að í vinnu starfshópsins.

Mælst er til þess að leitað verði með formlegum hætti eftir skoðunum þessara aðila og áliti í vinnu starfshópsins.

Berist til:

Steingríms Sigurgeirssonar
formanns starfshóps

um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins.

Tillagan samþykkt

Tillaga 2.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Reykjanesbæ föstudaginn 30. apríl 2004 lýsir yfir áhuga á samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Til staðfestingar á þessu óskar Kvasir eftir að aðilar undirriti viljayfirlýsingu.

Tillagan samþykkt

Tillaga 3.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Reykjanesbæ föstudaginn 30. apríl 2004 samþykkir að hver miðstöð leggi til kr. 30.000- til viðbótar við árgjaldið 2004.

Tillagan samþykkt

Tillaga 4.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Reykjanesbæ föstudaginn 30. apríl 2004 samþykkir að árgjald Kvasis verði 100.000- fyrir árið 2005.

Tillagan samþykkt

Tillaga 5.

Aðalfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn í Reykjanesbæ föstudaginn 30. apríl 2004 samþykkir að skipa vinnuhóp til viðræðna við fulltrúa Byggingastofnunar um samstarf.

Tillaga að vinnuhóp:

Formaður stjórnar Kvasis, einn forstöðumaður f&s ásamt einum fulltrúa úr stjórnnum miðstöðvanna, t.d. fulltrúi sveitarstjórnar.

Tillagan samþykkt

Tillaga 6

Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni hvetur ráðuneyti menntamála til að beita sér fyrir áframhaldandi formlegum hvatningar- og átaksverkefnum til eflingar símenntunar á landinu (Sem dæmi um viku símenntunar).

Tillagan samþykkt

Endurskoðaðar samþykktir Kvasis voru samþykktar



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Stjórnarkjör

Katrín Dóra gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að fulltrúi frá nöfn miðstöðvanna Jóni Hjartar og Bryndísi.

Ný stjórn kosin

Einnig tillaga um að rétta við þannig að það hætti ekki tveir í einu

Fræðslunet Austurlands býður til næsta fundar, haustfundur verður sem sagt fyrir austan.

Katrín Dóra fráfarandi formaður Kvasis þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórninni gott samstarf, óskaði mönnum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Umræður á aðalfundi Kvasis, föstudaginn 30. apríl 2004

Umræða um skýrslu stjórnar

Iðunn

Segir kostnaðinn skiljanlegan vegna góðs starfs stjórnar og samþykkir hækkun

Baldur

Mælir með að hækkunin verði 40 þúsund til að rétta af halla.

Ólafur

Sagði augljóst að gætt væri aðhalds og ekki hægt að tala um mikla yfirbyggingu.

Katrín Dóra

Segir aukinn kostnað helgast af fleiri stjórnarfundum og fleiri stjórnarfundir koma til af fleiri verkefnum og erindum sem berast stjórn.

Iðunn

Sagði ljóst eins og áður að kostnaðurinn væri tilkominn vegna þróttmikils starfs stjórnar og ekki forsvaranlegt að stjórn vísi eðlilegum verkefnum frá. Hún sagði eðlilegt að hækka þyrfti árgjöld og ekkert athugavert við að þau færu í 100 þúsund.

Ólafur

Spurði hvort væri hægt að reikna með jafn mikilli vinnu á næsta ári og hvort þyrfti raunverulega að hækka árgjaldið svona mikið.

Katrín Dóra

Sagði að þar sem vinnan hjá Menntamálaráðuneytinu liggur fyrir sé fyrirsjáanlegt að fundum muni fjölga ef eitthvað er og ekki hægt að gera ráð fyrir umsvifaminni verkefnum.

Baldur Dýrfjörð

Lagði til að þetta væri samþykkt svona.

Umræður um starfsnefndarskil

Katrín Dóra

Sagði byggðarsjónarmiðum komið á framfæri við iðnaðarráðherra, hún hefði kallað eftir fundinum til að kynna sér okkar markmið og fá upplýsingar.

Ólafur

Pakkaði fyrir vinnuna í kringum plaggið sem farið var með til yfirvalda (var dreift fyrri daginn) fyrir næsta fund æskilegt vegna sjöunda liðar að leggja áherslu á að öll aðstaðan sé fyrir alla okkar nemendur og undirstrika að hún sé í grunnþjónustunni.

Jón Hjartarson

Spurði hvort ekki væri rétt að breyta nafni plaggsins og kalla þetta „verkefnagreiningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni“. Hann óskaði eftir heimild fundarins til að breyta nafninu.

Baldur Dýrfjörð

Velti fyrir sér hvort ætti að álykta í tengslum við nefndina og skipan hennar. Af hverju er ekki fulltrúi framhaldsskólanna, hvert er hlutverk nefndarinnar o.s.frv.

Ólafur

Er sammála en vildi undirstrika að honum finnst ekki vera háskólaslagsíða.

Jón

Greindi frá upplifun okkar fólks af fyrsta fundinum, greinilega væri frá hendi formanns nefndarinnar vigtar háskólasjónarmið og verkefni mjög þungt svo greinilega þurfi að taka á og beita okkur til að koma grunnverkefnunum betur á framfæri þannig að þau verði höfð með.

Ólína

Tók undir með Baldri og sagðist gera ráð fyrir góðu samstarfi miðstöðva og framhaldsskóla

Ólafur

Sagði háskólamenntun fjármagnaða af hinu opinbera og við verðum að passa að lenda ekki þannig í umræðunni að við lendum ekki á milli háskóla og ríkisvaldsins varðandi okkar verkefni. Mikilvægt að passa að missa ekki umræðuna út í hvað miðstöðvarnar eiga að fá borga fyrir hvern nemanda t.d. í fjarnámi við HA.

Hann nefndi auk þess að komið hefði verið á framfæri greinilegum vilja Byggðastofnunar til að eiga samstarf við símenntunarmiðstöðvarnar og hann vildi koma þessu á framfæri við okkur.

Líneik

Sagði að tilefni stofnunar nefndarinnar voru háskólaverkefni, við leysum aldrei allan vanda/málefni miðstöðvanna í nefndinni. Ef við reynum það endar það þá ekki með því að við leysum engin verkefni

Katrín

Telur að það sé kergja Byggðastofnunarmegin. Þeir voru óhressir vegna kaupanna á menntabrunni. Við erum að bíða eftir að fundur, sem þeir boðuðu og var blásinn af verði boðaður.

Varðandi starfshópurinn spurði Katrín Dóra formann nefndarinnar hversu vítt nefndin myndi fjalla um málin (mjög lítað af háskólaumræðunni) og fékk þau svör að ekki væri hægt að skoða málin nema skoða allt í heild sinni. Greina hver aðkoma menntamálaráðuneytisins eigi að vera í heild sinni að miðstöðvunum. Skiptingu framlaga og hvort við eigum að fá ákveðna fyrirgreiðslu í x ár. Út frá því er áhugavert að skoða hvort ekki ætti að orða ályktun til ráðuneytis um að við höfum ákveðnar áhyggjur af þessu.

Baldur

Sagði bréfið mjög vítt orðað varðandi hvað á að gera í nefndinni. Og því hefur hann áhyggjur af því að það eigi að taka of mikið og gleypa filinn í einum bita. Við ættum að senda ályktun til að lýsa áhyggjum af því hvernig vinnulagið sé.

Bryndís

Segir Byggðastofnun telji að boltinn sé hjá okkur. Kona sem er bæjarfulltrúi í Skagafirði og nemandi í fjarnámi hringdi til að láta vita að í húsnæði Byggðarstofnunar væri búnaður sem við gætum notað.

Jón

Sagði í sambandi við nefndina að hann varð fyrir vonbrigðum með að ráðherra skyldi ekki taka inn fulltrúa frá Sambandi sveitarfélaga. Því það er líka verið að fjalla um byggðamál og mikilvægt að þau samtök geti orðið ein af okkar sterku stuðningsaðilum og taki ábyrgð á okkar málum að hluta. Ef á að gera ályktun bað hann fundinn að hugleiða þetta samband við samband sveitarfélaga.

Katrín

Velti upp varðandi starfshópurinn hvort væri eðlilegra að óska eftir því að verkefnið yrði afmarkað betur.

Ólafur

Velti fyrir sér hvort sveitarfélögin ættu að óska eftir að koma að þessu. Annað að Byggðastofnun miðlar töluverðum peningum og rauði þráðurinn í byggðastefnu er menntun svo við þurfum að setjast niður og jafnvel stofna nefnd til að ræða við Byggðastofnun svo við lendum ekki í vandræðum. Lagði til að settur yrði saman hópur til að ræða við Byggðastofnun

Guðjón

Sagði varðandi nefndina að hún sé einsleit en það væri frekar erfitt stjórnsýslulega að ætla að fjölga í henni og líklegt myndi það skapa fleiri vandamál en færri. Okkar fulltrúar ættu frekar að leggja ákveðna línu og geta haft að baki ályktun frá þessum fundi. Það væri sennilega heppilegra að nýta landsstjórnarsamtökin til að taka höndum saman og fylgja málum eftir. Samband íslenskra sveitarfélaga er of mikið á höfuðborgarsvæðinu til að hafa raunverulegan áhuga. Ríkið á að greiða háskólamenntun, sveitarfélögin eiga að

greiða tómsfundamenntun og atvinnulífið atvinnutengda menntun. Best væri ef hægt væri að koma að þrískiptum samningi.

Stjórn fékk það hlutverk í hádegi að koma einhverjum niðurstöðum á blað.

Umræður um stofnun heildarsamtaka um fullorðinsfræðslu á Íslandi

Ólafur

Spurði um hvert yrði framhaldið og Smári sagði að farið yrði yfir skipulagsskrár margra aðila og velta fyrir sér hverjir ættu að fá aðild að samtökunum.

Katrín

Spurði hvort væri byrjað að tala um hvenær stofnfundur ætti að vera. Smári svaraði því neitandi.

Helgi

Sagðist hafa verið í tengslum við norrænu samtökin FNV. Ársfundur FNV verður í Finnlandi 4.-5. júní n.k. Þátttaka er kostuð af FNV fyrir einhverja aðila ef hópurinn vildi velta því fyrir sér að koma að samtökunum með einhverjum hætti.

Katrín

Sagði að þeir sem vildu koma ályktunum á framfæri ættu að semja þær sjálfir.

Umræður um samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Baldur

Segir það vera spurningu hvort ekki sé rétt að semja fyrir allar símenntunarmiðstöðvarnar Hann segir skilmála Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins stífa en samt sé brýnt að ganga frá samningi við þá þ.a.m. um mat á námi o.fl..Hann segir að ef samið sé við Fræðslumiðstöðina eftir þeirra forsendum þá myndi það koma miðstöðvunum í of fastar skorður.

Ólafur

Segir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vilji láta símenntunarmiðstöðvarnar vinna eftir sínum forsendum. Hann telur rétt að gera frekar viljayfirlýsingu um óformlegt samstarf

Katrín Dóra

Telur rétt að senda Fræðslumiðstöð atvinnulífsins yfirlýsingu um samstarf við Kvasi til að liðka fyrir samningum og sýna vilja til samninga.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Haustfundur Kvasis á Egilsstöðum, 18. og 19. nóv., 2004.

Fyrri dagur: Á fundinn eru mætt, Sigurður Ólafsson frá Fræðsluneti Austurlands, Guðrún Kristín Jónasdóttir, frá Fræþingi, Ásta Laufey Þórarinsdóttir stjórnarmaður Fræþings, Arnar Hjaltalín, stjórnarmaður Visku, Bergþóra Þórhallsdóttir, framkvæmdarstjóri Visku, Ína Sæmundsdóttir forstöðumaður MSS, Smári Haraldsson framkvæmdarstjóri og Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Símeý, Inga Sigurðardóttir, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Ása Björk Stefándóttir, stjórnarmaður Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Emil Björnsson frá FNA og Íris Lind Sævarsdóttir, skrifstofustjóri FNA og Laufey Eiríksdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá FNA, Guðjónína Sæmundsdóttir frá Símenntunarmiðstöð Suðurnesja og Bryndís Þráinsdóttir frá Farskólanum.

Dagskrá

- 1. Hlutverk og framtíð Kvasis. Inga Sigurðardóttir**
- 2. Nefndarstörf FS net. Pétur Ingi Björnsson**
- 3. Uppbygging námsvera. Bryndís Þráinsdóttir**
- 4. Matur**
- 5. Kynning og umræður um starfshóp menntamálaráðuneytisins er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Hópvinna.**
- 6. Stéttarfélagsaðild starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.**
- 7. Háskólanámssetur FNA- Líneik Sævarsdóttir, Laufey Eiríksdóttir, Sigurður Ólafsson**

Sigurður Ólafsson bauð gesti velkomna og bauð Ingu Sigurðardóttur, formann Kvasis, velkomna í ræðustól. Inga bauð gesti velkomna og bað menn að kynna sig. Enginn fulltrúi er frá Fræðsluneti Suðurlands að þessu sinni en Inga bar fundinum kveðju frá Jóni Hjartarsyni, forstöðumanni. Inga kynnti dagskrá báða dagana og breytingar á henni.

Fundarstjóri tilnefndur. Tillaga um Þorvald Jóhannesson og fundarritarar: Bryndís Þráinsdóttir og Sigurður Ólafsson. Tillögur samþykktar. Gengið til dagskrár.

1.Hlutverk og framtíð Kvasis: Inga Sigurðardóttir.

Inga rekur sögu Kvasis og rifjar upp hlutverk samtakanna. (Sjá fylgiskjal 1.) Kvasir er sameiginlegur vettvangur skoðanaskipta, fundir haldnir haust og vor og félagsfundir á milli.

Kvasir er líka hagsmunasamtök fyrir hönd miðstöðvanna. Sér um skýrslugerð og upplýsingagjöf. Samhæfing varðandi þjónustu og fleira.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Kynningarstarf hefur aukist mikið. Inga talar um að Kvasir þyrfti að vera með heimasíðu, kynningargögn og fl. Inga talar um samskipti við blaðamenn, fréttatilkynningar, nemendur og fl.

Framkvæmd verkefna fyrir hönd Kvasis er í höndum stjórnar Kvasis. Í stjórn er skipt um formann árlega. Róterandi stjórnarseta og formennska. Inga talar líka um gallana á núverandi fyrirkomulagi. Til dæmis flytjast gögn illa á milli félagsmanna, á milli stjórna. Formenn stjórna, hverju sinni, telja sig ekki getað sinnt þessu starfi nógu vel vegna annarra verkefna. Inga kemur með tillögur að lausn, t.d. ráða starfsmann í 20 % starf, eða borga formanni 20 % laun. (Sjá umræður, aftar)

2. Pétur Ingi Björnsson gerir grein fyrir sínum nefndarstörfum.

Í gangi er stefnumótunarvinna hjá stjórn FS netsins. Verið að skoða það sem búið er að gera og athuga framtíðarmöguleika.

Utanlandsgáttin er alltof lítil. Búið er að ákveða að hún verði stækkuð verulega svo að hún verði ekki flöskuháls á umferð. Vandamál með samninginn við Skýrr. Ekki hægt að biðja um breytingar nema eyða í það stórfé. Utanlandsgáttin er þegar farin að kosta stórfé. Erlent niðurhal er sífellt að lækka í verði, en samningurinn við Skýrr bindur verðið. Nú er verið að reyna að fá Skýrr til að lækka verðið. Ef þeir samþykkja það ekki verður samningnum sagt upp (vankantar eru á samningnum sem gera það mögulegt). Samningnum verður sennilega sagt upp. Miklar tæknilegar framfarir hafa orðið og miklir möguleikar á að bæta þjónustuna og skera niður óþarfa kostnað. Þrír aðilar er skipta með sér stefnumótunarvinnunni. Pétur Ingi og Ágúst:

Utanlandsgátt tvöfölduð árlega

Eftirlit með brotum FS netsins. Reglubrot lækki um 10% á ári (brot er t.d. niðurhal á bíómyndum - Því fylgja hótanir um kærur frá framleiðendum kvikmynda).

Endurskipulagning tenginga með fækkun tengipunkta á að ljúka fljótlega

FS netið verði komið með eigin sambönd fyrir a.m.k. 20% lægri kostnað en áður

Skipta upp netinu þannig að höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin með aðskilda utanlandsskrá. Auðveldara að ná samningum um Reykjavíkursvæðið.

Framtíðin er sú að við eigum FS netið meira sjálf. Tengslin við Landssímann eru til trafala.

Samningurinn við Skýrr. Búið er að taka sjö mánuði að fá stækkun á utanlandsgátt.

Gáttin er núna 10 megabæt. Stækkun upp í 20 kostar skv. Samningnum 1,7 millj.

Þetta er hægt að kaupa úti í bæ fyrir 300 þús. Það eru hins vegar atriði í

samningnum sem er ekki verið að uppfylla (quality of service- bankarnir virðast hafa forgang á umferð milli 16:00 og 18:00). Spurningin er hvernig er hægt að segja

samningnum upp. Geta þeir lokað á okkur strax eða verður ákveðinn

umpóttunartími? Þessi mál er verið að skoða með lögfræðingum.

3. Bryndís Práinsdóttir- Uppbygging námsvera.

Byrjaði á að fara yfir skilgreiningu á námsveri skv. byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

Sagði frá Námsstofu Skagastrandar sem hefur það markmið að styrkja og auka fullorðinsfræðslu og fjarnám á Skagaströnd. Þetta er grasrótastarf. Bryndís fór yfir aðstöðu og kostnað. Ráðinn var starfsmaður í 25% starf strax í byrjun.

Starfsmaðurinn á að styrkja og auka fjarnám með því að hvetja til náms, styðja við fólk í fjarnámi og sjá um reksturinn.

Framtíðarsýnin er sú að gamli barnaskólinn verði standsettur, setrið verði tengt inn á FS netið, sífentun aukist og styrkist og að ríkið komi að rekstrinum. Þessi uppbygging er algerlega að frumkvæði heimamanna.

Námsver á Dalvík. Spratt upp úr byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Byrjað var á að kanna áhuga á fjarnámi, sem reyndist vera mikill og mikill áhugi á námsveri.

Bryndís fór yfir markmið námsversins á Dalvík. Svanfríður Jónasdóttir á frumkvæði að stofnun námsversins.

Bryndís vil vekja á huga á þessum grasrótaráhuga og hvetja til umræðna:
Hvernig vill ráðuneytið sjá þetta?
Hvernig viljum við sjá þetta?

5. Kynning og umræður um starfshóp menntamálaráðuneytisins er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir.

Katrín gerir grein fyrir nefndarstörfum sínum í stóru nefndinni. (Sjá fylgiskjal 3) Tekur fram að þetta eru hennar sjónarmið. Haldnir hafa verið 10 fundir. Nefndin ekki enn búin að skila af sér. Fyrir hönd Kvasis eru Katrín og Inga Sigurðradóttir (í fjarveru Jóns Hjartarsonar). Nefndarstarfið, kynning, hugmyndavinna og hópvinna.

Starfshópurinn á líka að koma með tillögur til ráðuneytisins. Þessi nefndarstörf eru svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur á Alþingi frá því haustið 2003. Hópurinn á að móta framtíðarsýn og hvernig á að ráðstafa fjármunum ráðuneytisins.

Katrín segir frá 10 fundum sem haldnir hafa verið.

Fundur 1. Farið yfir skipunarbréf. Talið að nám í heimabyggð fari vaxandi, hvernig skal bregðast við. Svo virðist sem ekki eigi að setja meiri peninga í þennan flokk.

Fundur 2. Viðhengiskönnun skoðuð. Skýr munur á hópi frá höfuðborgarhópi og landsbyggð. Kvasir kynnti hugmyndina að grunnverkefnum og sérverkefnum.

Fundur 3. Skýrsla vinnuhóps um háskólanámssetur á Vestfjörðum kynnt. Farið yfir framlög hins opinbera til símenntunar 2004. Skoðuð meðaltekjuskipting miðstöðvanna og tölur um fjarnema vorið 2004.

Fundur 4. Aðalsteinn Eiríksson var gestur og kynnti niðurstöðu skýrslu starfshóps. Hann telur að fjarnám og fjarkennsla lúti sömu lögmálum og önnur kennsla og nám. Allt lögbundið framhaldsskólanám skuli vera gjaldfrjálst áfram

Fundur 5. Gísli Þ. Magnússon var gestur. Hann kom frá fjármálasviði mmm. Niðurstaða að viðbótarkostnaði vegna fjarnáms yrði ekki bætt inn í líkan háskólanna. Gísli varpaði ljósi á samningana sem við erum að gera við ráðuneytið, símenntun er ekki inni í þeim samningum.

Fundur 6. Lagðar fram af mmm. Fjórar leiðir. 1. Föst upphæð vegna fræðslu og símenntunarmiðstöðva. Leið 2. Veita fé til einstakra háskólanámssetra til að kaupa námskeið af háskólum. Leið 3. Netháskóli. Leið 4. Staðgreiðslukerfi. Mesta umræðan varð um staðgreiðslukerfið. Upp úr því kom fram tillaga á næsta fundi.

Fundur 7. Háskólanám greitt m.v. þreyttar einingar (nefnt 2.500 kr á einingu). Niðurstaða var ákveðinn skilgreiningarvandi því ef ætti að greiða fyrir hverja einingu þá má spyrja hvenær hefur nemandi þreytt einingu. Er það miðað við próf eða kennsluáðstöðu. Þarf að finna raunverulegan kostnað fjarnemans.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Fundur 8. Hugmyndir Rögvaldar og Katrínar lagðar fram. Raunverulegur kostnaður miðstöðvanna er mest tengdur húsnæði, starfsfólki og tækjabúnaði. Skilvirkasta fjármögnunarkerfið byggist á raunverulegum rekstrarforsendum. Það er erfitt að eiga við fjöldatengt kerfi.

Fundur 9. Nýjar hugmyndir komnar fram hjá ráðuneyti. Það kynnir uppbyggingu þekkingarnets á landinu. Ekki samkvæmt svæðaskilgreiningu miðstöðvanna 9. Tillögur frá Rögnavaldi, Katrínu og Ingu. Gögn lögð fram en ekki rædd ýtarlega. Hljómgrunnur ekki mikill.

Fundur 10. Á milli 9. og 10. funda átti ráðuneytið að vinna hugmyndir. Gagnrýni fulltrúa Kvasis. Vilja lausnir ekki bara hugmyndir. Talað eingöngu um háskólanám en önnur hlutverk látin liggja á milli hluta. Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva er eingöngu tengt símenntun. Eins og ráðuneytið telji að háskólanámið sé bara tilviljun hjá stöðvunum. Eru svolítið fastir í skilgreiningum á símenntunarmiðstöð, þekkingarsetri og fræðasetri. Eins og ráðuneytið telji að það eigi eftir að staðsetja háskólanámið þótt við vitum að það er búið að staðsetja það. Við þurfum skýrari svör um hlutverk miðstöðvanna. Niðurstaða að menn yrðu að setjast niður og hugsa og síðan verður fundur í lok nóvember.

Katrín óskar eftir fyrirspurnum um störf nefndarinnar.

Sjá umræður aftar.

Kynningar á tillögum um ríkisframlag

Skilgreina grunngerð enn skýrar en áður. Þetta eru laun forstöðumanns.

Starfsaðstaða fyrir forstöðumann, rekstur og viðhald heimasíðu, FS netið og menntabruin og fleira. Hvað á forstöðumaður að gera: Skipta í prósentuhlutföll, stjórnun og rekstur miðstöðvarinnar, hvatning (hvaða hvatning), kynningar, veita aðgang að upplýsingum, eiga frumkvæði að þróun fræðslumála og fleira. Þessi grunngerð kosti 10.000.000 og jafnt til allra miðstöðva.

Aðstaða til fjarnáms. Kennsluaðstaða. Kostnaður við að reka kennslustofu, umsjón, aðstaða, tækjabúnaður. Ein eining kennsluaðstöðu sé 50 % starf. Á eftir að skilgreina hversu margar einingar hver miðstöð á að hafa (Sjá fylgiskjöl). Kennsluaðstaða getur verið hreyfanleg frá stað og tíma.

Námsverin eru greidd af sveitarfélögunum. Mjög áhugavert að hver miðstöð eigi yfir að ráða einu ígildi námsvers og gerð kostnaðaráætlun út frá því eða 30 % starfshlutfall.

Önnur þjónusta eins og prófataka, námsráðgjöf og fl. Tillögur um að ákveðið hlutverk sé ríkisframlag. Það þarf að vera tvöfalt bókhald. Menn vilja sjá þessa skiptingu á pappírnum. Bókhald fyrir ríkisframlagið og bókhald fyrir sérverkefni.

Þessar tillögur eru ekki fullmótaðar, Sérverkefni með stuðningi frá ríkinu eins og íslensku fyrir nýbúa og hvernig menn vilja vinna með ný tækifæri til náms.

Háskólarnir munu ekki taka þátt í auknum kostnaði eins og vegna prófatöku, þeir munu þá ekki bjóða upp á fjarnám. Við þurfum að forgangsraða. Í

Háskólanámssetrunum er búið að tryggja háskólanámið næstu þrjú árin.

Emil ræðir tillögur Katrínar og Ingu. Telur þurfa að standa vel að málum vegna nemandans. Hlutverkið er að annast vel nemendur okkar í háskólanáminu. Ekki víst

að hefðbundinn háskóli eigi sér langa framtíð. Við komum inn með hagsmuni nemenda okkar að leiðarljósi.

Katrín bendir á að embættismenn hafa aðra sýn en stjórnámálamenn. Það er staðreyndin að peningar ráði úrslitum í þessu máli.

Laufey bendir á nemendur í erlendum skólum. Þeir eiga eftir að aukast. Þeir eru velkomnir til FNA.

Inga bendir á að miðstöðvarnar séu að lenda í erfiðleikum vegna háskólanemanna. Ína segir að þau taki gjald af fjarnemum. Fleiri gera það.

Inga segir frá spurningablaði sem er í sjö liðum (sjá spurningablað). Skiptir í hópa. Vinna í spurningunum í klukkutíma. Skila álit í pontu og skriflega. Stjórn Kvasir og síðar fulltrúar nefndarinnar munu vinna úr þessum upplýsingum. Kynningar á tillögum um ríkisframlag Niðurstöðum hópavinnu skilað til fundarmanna.

Starfshópur menntamálaráðuneytisins.

Álit vinnuhóps 2.

1. spurning:

- Verkefni forstöðumanns er m.a. að safna og skrá upplýsingar.
- Spurning hvort framlag vegna ferðakostnaðar eigi að vera sá sami hjá öllum miðstöðvunum. Þessi upphæð er sennilega of lág.
- Háskólanemar við erlenda háskóla skulu hafa sömu stöðu og þeir er nema við innlenda skóla.
- Hópurinn spyr hvers vegna sé ódýrara að reka námsver en kennsluáðstöðu.
- Próftaka er órjúfanlegur hluti náms, þ.á.m. hjá fjarnemum.
- Hvaða tækniástoð er rætt um í „Annarri Þjónustu“?

2. spurning:

- Við viljum fá greitt fyrir það.
- Engu skiptir hvort skólarnir eru ríkisreknir eða „einkareknir“.
- Ekki sammála/ekki viss.

3. spurning:

Nei.

4. spurning:

Samræma þjónustu og gjaldskrá gagnvart nemendum og háskólum innan sama svæðis, en varla er hægt að samræma gjaldskrá milli miðstöðva.

Kvasir fari fari í viðræður við háskólana vegna kostnaða við próf.

5. spurning:

Sá sem notar aðstöðu miðstöðvanna, m.a. til að taka próf.

(Einnig nætti nota má skilgreiningu í 3. lið tillagna I, K og J).

6. spurning:

Fjarnámssvæði er ákveðið samgöngusvæði, svo sem í einnar klukkustunda fjarlægð frá námsveri. Fjarlægðin á þó ekki að vera ráðandi. Sama gildir um alla háskóla.

7. spurning:

-
- Það er snýr að námi og kennslu er þetta allt meira og minna það sama. Með þekkingarsetri er einnig verið að ræða um rannsóknarstarfsemi.
- Símenntunarmiðstöðvarnar eiga að reka háskólanámssetrin.

Hópurinn skipaður, Emil, Bryndís, Puríður, Arnar og Smári.

Hópur 3

1. Já
2. Nei
 - a) Það þýðir að það mundi þrengja að þeirri þjónustu sem veitt er háskólanemum nú þegar. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar flestar eru að sinna þessari þjónustu við háskólana í dag.
 - b) Við teljum að fræðslu"netin" geri ekki greinarmun á því
 - c) Nei
3. Ekki framtíðarlausn, en engu að síður er þetta skref fordæmisgefandi. Fræðslumiðstöðvarnar vinni áfram að því að afla fjármagns til námsvera.
4. Já a) og b)
- 5.
6. a) nei ekki eingöngu. Það þarf að þarfagreina svæðin samhliða. Erum hlyntar tillögu um fagråd (liður 3 vantar inn háskólanám og fagråd)
b) Það mætti vera en ekki ýkt.
7. Í hópnum er ósætti við þróunina . Allt of tilviljanakennt. Form ekki yfirfært á milli landssvæða. Allir þurfa að hefja vinnuna frá grunni á hverju landssvæði.
b) nei
c) Við ættum að fá viðurkennt að okkar hlutverk sé að sjá um háskólanámið á þessum svæðum.

Inga þakkar fyrir þessa vinnu hópanna. Næsti fundur í nefndinni er næsta fimmtudag. Óskar Inga eftir niðurstöðum, skriflegum frá hópnum í síðasta lagi næsta mánudag. Leggur til að við förum með spurningarnar inn í miðstöðvarnar og hver miðstöð svari þessum spurningum skriflega. **Svara þessu með stjórn sem allra fyrst eða fyrir 10 desember.**

6. Stéttarfélagsaðild starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Emil Björnsson.

Emil kynnir í hvaða stéttarfélagi starfsmenn stöðvanna eru. Virðist ekki vera nein ein lína í þessum málum. Það þarf að ganga á fund KÍ og ræða þessi mál. Emil leggur þessar upplýsingar fram. Laufey bendir á að KÍ félagar á Egilsstöðum séu félagalausir núna þar sem búið er að reka þá úr skólastjórafélaginu ásamt fleirum. Starfsfólk á skólaskrifstofum eru að hugsa um að stofna sér deild innan KÍ. Umræður líflegar um þennan lið.

Ása Björg stjórnarformaður hjá símenntunarmiðstöð Vesturlands kveður fundinn og fer í flug.

Emil biður stjórn að skoða listann og taka málið til skoðunar. Emil falið að skoða þetta mál áfram.

7. Háskólanámssetur FNA

Líneik Sævarsdóttir lýsti aðdraganda stofnunar háskólanámsseturs á Egilsstöðum. Boltinn hefur rúllað hratt síðan FNA var stofnað. Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað úr 20-30 í 190 á þessari önn. Hún lýsti hugmyndavinnu um háskólastarfsemi á



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Austurlandi, m.a. með Háskólanum á Akureyri, en þær hugmyndir runnu allar út í sandinn. Svo var stofnaður vinnuhópur árið 2002 með aðkomu A-Héraðs,

Próunarstofu Austurlands, FNA og Skógræktarinnar. Út úr því kom skýrsla þar sem í er hugmynd um þekkingarsetur. Menntamálaráðherra keypti hugmyndina, þ.e. háskólanámsseturshlutann af henni. Stofnaður var vinnuhópur um verkefnið sem í voru m.a. Emil Björnsson. Niðurstaðan varð sú að lagt var til að stofna háskólanámssetur sem myndi tengjast fyrirhuguðu þekkingarsetri. Lagt var til að FNA myndi reka setrið og að það fengi fjármuni á fjárlögum. Fjárveiting var tryggð í gegnum samkomulag menntamálaráðuneytis og iðnaðaráðuneytis um byggðamál. Háskólanámssetrinu voru því tryggðir fjármunir í þrjú ár. Í samningnum við menntamálaráðuneytið voru þrjú markmið með verkefninu: Að stuðla að auknu framboði háskólanáms í fjórðungnum, að leita leiða til að tengja stafsemi háskólanámsseturs við atvinnulíf í fjórðungnum og að taka þátt í þróun fjarnáms.

Laufey Eiríksdóttir lýsti búnaði, notkun og þjónustu setursins.

Laufey sagðist hafa klárað nám á fjarnámsformi- nám í ferðamálafræði. Þar kynntist hún af eigin raun raunum fjarnemans. Hún sagðist þjóna öllum fjarnemum á svæðinu, ekki bara þeim sem nota setrið. Laufey lýsti því næst búnaði setursins. Laufey sagði að þjónusta setursins væri byggð á fyrirmynd Háskólans á Akureyri. Ráðgjöf til nemenda, ráðgjöf við heimildarvinnu, millisafnalán, útseld vinna ráðgjafa (bókasöfn-markviss), leiga á húsnæði og búnaði.

Laufey lýsti vandræðum með hugbúnað og notendaleyfi. Illa hefur gengið að fá forritin frá háskólunum. Laufey áréttaði mikilvægi þess að miðstöðvarnar stæðu saman um að krefjast þess að háskólarnir skaffi leyfi.

Laufey sagði plássleysi vera farið að há starfseminni. Sérstaklega vantar lesaðstöðu, þar sem sú aðstaða sem er fyrir hendi er fyrst og fremst kennsluáðstaða. Laufeyju finnast myndfundir ekki vera nægilega margir- fjöldi myndfunda er ca. 14-15 fundir á viku. Laufey sagði fyrst og fremst vanta vinnuáðstöðu fyrir starfsmenn, aukið rými til að bjóða nýjum hópum inn, rými fyrir enn stærri hópa til fundahalda og námskeiða og sérstaka lesaðstöðu fyrir nemendur.

Sigurður Ólafsson kynnti áfram starfsemi Háskólanámssetursins. Kynnti hugmyndir að Þekkingarráði Austurlands. Umræður um Háskóla- og þekkingarsetrin. Líneik bendir á að á Egilsstöðum, Húsavík og Ísafirði hafi menn byrjað á mismunandi punkti í uppbyggingunni setranna en væntanlega muni það samt leiða til sömu niðurstöðu. Rætt um nefndina sem Katrín og Inga sitja í. Menntamálaráðuneytið hefur látið hafa það eftir sér að byggðamál séu ekki á þess herðum. Inga telur að ráðuneytin vinni ekki vel saman. Fjármunir til háskólanámssetursins hefur dreifst víða um svæðið, geta boðið upp á þjónustuna um allt svæðið.

Sigurður bendir á að við verðum að vera aktív í að móta stefnuna. Þó menn fari ólíkar leiðir vilja menn sjá sömu niðurstöður. Katrín bendir á að ráðuneytismenn vilji ekki sjá sömu niðurstöðu varðandi miðstöðvarnar. Katrín bendir á að framtíðarsýn sé ekki nóg heldur þurfi lausnir núna í sambandi við miðstöðvarnar.

9. Forstöðumenn miðstöðvanna greindu frá starfsemi þeirra



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Guðrún Kristín Jónsdóttir greindi frá starfsemi Fræþings
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir greindi frá starfsemi Símeý
Smári Haraldsson greindi frá starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða
Bryndís Þráinsdóttir greindi frá starfsemi Farskólans
Bergþóra Þórhallsdóttir greindi frá starfsemi Visku
Guðjónína Sæmundsdóttir greindi frá starfsemi Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Sigurður Ólafsson greindi frá starfsemi Fræðslunets Austurlands
Inga Sigurðardóttir greindi frá starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar Vesturlandi

Haustfundur Kvasis á Egilsstöðum, 18. og 19. nóv., 2004.

Fyrri dagur: Á fundinn eru mætt, Sigurður Ólafsson, Guðrún Kristín Jónasdóttir, frá Fræþingi, Ásta Laufey Þórarinsdóttir stjórnarmaður Fræþings, Arnar Hjaltalín, stjórnarmaður Visku, Bergþóra frá Visku, Ína Sæmundsdóttir frá MSS, Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, framkvæmdarstjóri Símeýjar, Inga Sigurðardóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Ása Björk Stefándóttir, stjórnarmaður Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Emil Björnsson frá FNA og Íris Lind Sævarsdóttir, skrifstofustjóri FNA.

Umræður - punktar Inga fjallar um hlutverk og framtíð Kvasis.

Smári Haraldsson: Gerir sér grein fyrir að umfang er að aukast hjá formanni. Telur ekki rétt að ráða starfsmann. 1) á að stofna heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila á landinu, bíða og sjá. 2) málin sem koma inn til Kvasis eru bundin málum stöðvanna. Mikilvægt að starfsmenn stöðvanna fái við málin sem koma inn. Telur að starfsmaður væri ekki eins vel jarðbundin og forstöðumenn. 3) telur það hluta af starfsemi stöðvanna að fæast við mál eins og það að vera í stjórn. 4) gæti komið upp togstreya, hvenær er unnið fyrir Kvasi og hvenær fyrir stöðina. 5) er sammála því að formaður fái 20 % laun hverju sinni.

Katrín Dóra: Telur formanninn mikið starf og erfitt að geta ekki sinnt því vel. Að ráða nýjan starfsmann inn tekur tíma. Telur það skipulagsatriði, starfsmaður gæti komið inn ákveðinn dag í viku til að sinna þessu starfi. Saknar þess að Kvasir nýtist ekki meira sem samráðsvettvangur. Nefnir dæmi um stóru nefndina sem nú er að störfum fyrir ráðherra.

Bergþóra: Telur það ekki gerast að hún geti bætt þessu á sig þar sem hún er ein í sinni miðstöð.

Inga bendir á að formennskan er róterandi og allir skyldugir til að vera formenn.

Ína, telur sig þurfa að setja hluta af sínum verkefnum yfir á aðra.

Sigurður, telur sig ekki geta sinnt formennsku eins og staðan er í dag, þrátt fyrir þrjú starfsmenn.

Ína. Telur það kost við róteringu að menn læra nýja hluti.

Katrín: Minnir á tillögu frá því í gær (óformleg) Smára um þrjú ár fyrir hvern í stjórn, geti hjálpað til. Störf okkar eru í stöðugri þróun.

Bergþóra, spyr um hlutverk þessa starfsmanns. Inga svarar því. Þetta yrði kynningarstarf, skýrslugerð og fl.

Smári, telur það mikilvægt að starfsmenn sinni þessu því þeir eru inni í málum miðstöðvanna. Telur þetta eðli uppbyggingarstarfs, verkefni eru alltaf að vaxa. Telur að formennskan eigi að sinnast af starfsmönnum miðstöðvanna.

Katrín segir að forstöðumaður sé ráðinn til þeirra starfa í sinni miðstöð en ekki til að vera formaður Kvasis, aukaverkefni.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Inga bendir á að hún hætti formennsku í vor. Einhver sem er í stjórn núna þarf að vera lengu en í tvö ár.

Bergþóra. Spyr hvort lagt sé meira á formannin en aðra stjórnarmenn. Inga svarar því játandi. Inga bendir á að oft þurfi að hringja í stöðvarnar til að reka á eftir upplýsingum. Segir þetta alltaf verða partur að starfsemi miðstöðvanna.

Porvaldur fundarstjóri

Sigurður spyr hvort Inga sjái það fyrir sér að hún geti hagrætt hjá sér ef hún hefði starfsmann í 20 %. Inga bendir á útfærslur. Starfið þarf ekki endilega að fylgja formanninum.

Smári bendir á að þessi starfsmaður yrði þá meira bundinn þeirri miðstöð sem hann vinnur hjá hverju sinni.

Inga telur að við eigum að leysa það mál hvort við ætlum að borga formanni 20 % starf. Bendir á að við söfnum ekki í sjóði, heldur sinnum þeim verkefnum sem koma upp. Inga svarar til með útgjaldaaukningu.

Guðrún. Veltir fyrir sér sinni stöðu. Hún er starfsmaður Þekkingarseturs en með málefni Fræþings. Hefur ekki fjármálavald.

Bryndís segir að sér lítist best á þá hugmynd að ef 20 % laun verði samþykkt að þá fari þau til formanns og hann geti þá ráðstafað þeim. Til dæmis létt af sér störfum.

Ása Björk, henni finnst að sá sem fer með þetta vald verði að vera mjög vel inni í málefnum miðstöðvanna og komi úr innstu rötum. Inga svarar að stjórnarmenn taki áfram að sér ýmis störf.

Smári telur alveg koma til greina að koma til móts við þessar hugmyndir varðandi laun.

Ásta Þórarinsdóttir telur þetta eiga að fylgja stöðvunum og að kostnaðurinn sé meiri en 1.200.000 kr. Inga samsinni því að hluta.

Porvaldur fundarstjóri leggur til að Inga og Smári komi með tillögu um þetta efni.

Pétur Ingi- FS netið

Inga vildi fá að vita hvort við myndum sjá fram á lækkuð gjöld vegna fyrirhugaðra breytinga.

Pétur- Já, breytingarnar ættu að geta lækkað kostnað, en jafnframt verður þjónustan bætt.

Smári: Væri séns að taka stærri svæði saman, t.d. alla Vestfirðina?

Pétur: Verið að skoða hvort hægt sé að grúppa allt Norðurlandið saman og senda til Akureyrar og þaðan suður. Þetta var ekki mögulegt fyrir tveimur árum síðan, en er núna mögulegt.

Smári: Væri hægt að einfalda þetta gagnvart háskólunum þannig að gagnvart þeim væri tenging við marga staði einn fundur.

Pétur: Ætti að vera mögulegt með tilurð Menntabrunnar. Símenntunarmiðstöðin er þá tengipunkturinn og getur bætt inn fundarstöðum eftir þörfum.

Inga: Er menntamálaráðuneytið að segja upp samningum við Skýrr?

Pétur: Já, þetta snýr bara að stjórninni. Kvasir þarf ekki að hafa áhyggjur af lagaflækjum.

Uppbygging námsvera- Bryndís

Laufey: Fáraánlegt að það þurfi jafn stóra hópa og raun ber vitni til að háskólarnir haldi úti námshópum.

Ása Björk: Eru símenntunarmiðstöðvarnar að verða eyland? Þurfa símenntunarmiðstöðvarnar að skilgreina sig betur hvað varðar háskólanámið og sinn þátt í þróuninni.

Bryndís: Uppgötvaði fyrst þælingar um námsver á Hvammstanga á heimasíðu sveitarfélagsins. Ekkert samband haft við símenntunarmiðstöðina, sem er umhugsunarefni.

Katrín Dóra: Sér fram á samvinnu við námssetur á Dalvík. Frumkvæðið verður að koma frá heimamönnum. Ýta við þeim og hvetja til dáða.

Inga: Í Stykkishólmi var svona námsver sett upp að frumkvæði heimamannan. Þeir höfðu hins vegar strax samband og vildu ráðfæra sig við símenntunarmiðstöðina. Þó að Inga hafi ekki verið sátt við allt sem verið var að gera telur hún mikilvægt að slá ekki á puttana á þeim sem eru að vinna í grasrótinni.

Smári: Hver er afstaða okkar gagnvart frumkvæði heimamanna? Stærri staðir úti á landi eru í svipaðri stöðu gagnvart smærri stöðum og stærri staðirnir eru gagnvart Reykjavík. Vonlaust fyrir stóru staðina að koma upp námsframboði nema frumkvæði komi frá heimamönnum. Við getum hins vegar ýtt undir það. Hins vegar hafa heimamenn ekki alltaf samband þegar

þeir vilja koma upp aðstöðu. Svona námsver er t.d. á Tálknafirði sem er kostað af sveitarfélaginu. Þessir aðilar geta hins vegar farið að biðja um fé af fjárveitingavaldinu og eru þar með komnir í samkeppni við miðstöðvarnar. Smári benti einnig á að það sé ekki bara fjöldi nemenda

sem skiptir máli heldur menntunarstigið. Þekkinging þarf að nýtast á staðnum.

Porvaldur: Alls ekki líta á grasrótartþróun sem neikvæða. Miðstöðvarnar verða bara að skilgreina sig og ákveða hvernig þær ætla að höndla þetta.

Katrín: Símei er skilgreind sem regnhlíf. Tekur undir þælingu Smára um menntunarstig. Grasrótargróska er eðlileg og jákvæð og hún verður að passa undir regnhlíf símenntunarmiðstöðvanna. Mikilvægt að vinna með baklandinu m.t.t. fjárveitinga.

Bryndís: Telur að á hennar svæði sitji menn of mikið með hendur í skauti og bíði efitir lausnum.

Smári: Telur mögulegt að hafa umboðsmenn á stöðunum sem séu fulltrúar miðstöðvanna og hirði svo hluta af umsýslugjaldi.

Laufey: Miðstöðvarnar verða að vera regnhlíf. Bendir á hlutverk FNA. Menn hafa samband við FNA þegar eitthvað er að í námsverunum.

Emil: Mikilvægt að halda nethugsuninni. Hefur verið byggt upp sem net frá upphafi.

Porvaldur: FNA er tvímælalaust regnhlífin á þessu svæði. Byggt upp gegnum Samband Sveitarfélaga á Austurlandi.

Laufey: Dæmi um nethugsunina: Nemendur geta tekið próf hvar sem er. FNA hefur samband við fjarnemana og spyr hvar þeir vilja taka prófin.

Smári: Er FNA að ná að þjónusta allt svæðið? Virkar nethugsunin í praxis á svona stóru svæði? Eru nemendur á framhaldsskólastigi að nota námsverin?



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Emil: Hornfirðingar hafa t.d. lagt mikið upp úr að halda tengingunni við Austurlandið. Nýlega búið að opna námsver á Hornafirði. Framhaldsskólanemendur nota námsverin líka.

Laufey: Hluti framhaldsskólanámsins fer fram í námsverunum, svo sem nám fyrir starfsmenn leikskóla.

Arnar: Mjög gagnleg umræða fyrir Eyjamenn. Þau eru að borga bænum húsaleigu. Greinilegt að sveitarfélögin eru víða að taka mikinn þátt í rekstri námsvera.

Katrín: Leggur áherslu á að menn aðskilji rekstur miðstöðvanna og námsveranna. Yfirleitt er greidd leiga fyrir miðstöðvarnar en sveitarfélög sjá sér oft hag í að greiða fyrir námsver.

Kynning og umræður um starfshóp menntamálaráðuneytisins er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir.

Smári: Spyr hvort það sé skýr munur á háskólanámssetri og Fræðasetri?

Ráðuneytið segir boltann vera hjá Ísfirðingum.

Katrín segir að það séu komin tvö háskólanámssetur sem eru ekki skilgreint eins. Þekkingarsetur á Húsavík en fjármagn ekki tryggt til framtíðar. Fræþing kaupir sína framkvæmdarstjórn frá Þekkingarsetrinum.

Guðrún segir að álit ráðuneytis hafi verið óskað með stofnun þekkingarseturs.

Þorvaldur spyr um mismun á háskólanámsetrum fyrir austan og vestan.

Smári spyr hvað sé háskólanámssetur. Sigurður spyr hvort það sé bygging eða starfsemi eða.

Smári hefur efasemdir um að við náum nokkurn tíma nokkru fram í gegnum embættismannakerfið.

Emil bendir á að það að ganga inn til Ínu sé ekki svo ólíkt því og að ganga inn í FNA.

Katrín bendir á að fjármunir séu ólíkir. Þetta snýst um peninga.

Ína spyr hvort þau háskólanámsverin sem komin eru eigi eingöngu að fá fjármuni til háskólanáms.

Inga bendir á að þetta sé allt í ósamræmi. Hvað gerist ef háskólanám hætti hjá miðstöð eigi þá að taka peningana líka.

Emil. Fræðslusetrið rekur Háskólanámssetrið. Tvær fjárveitingar. Iðnaðarráðuneytið leggur líka til peninga til verkefnisins.

Katrín segir það ekki sjálfgefið að Fræðslumiðstöð Vestfjarða fái peninga til háskólanáms.

Katrín: Þriðja útgáfan er á Húsavík. Smári bendir á að ráðuneytið sé ekki búið að svara því hvort þessi starfsemi sé fyrir það eða okkur þ.e. fólki á landsbyggðinni.

Guðrún spyr hvort hópavinna sem hér fer af stað geti haft áhrif á störf nefndarinnar. Já segja Inga og Katrín.

Félagsfundur Kvasis á Egilsstöðum, 19. nóv., 2004, kl. 13:30

Dagskrá

1. **Starfsnefndaskil**
 - a) Heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila – Smári Haraldsson
 - b) Menntabréuarsamningurinn – Inga Sigurðardóttir
 - c) Samstarfsnefnd Kvasis, HI og HA – Inga Sigurðardóttir
2. **Tillögur og ályktanir**
 - a) Afgreiðsla tillagna og ályktana
3. **Önnur mál**

1. **Starfsnefndaskil.**

a) Smári Haraldsson segir frá. Kvasir sem dekkar bara landsbyggðina og þótti nauðsynlegt að bæta öðrum aðilum inn í heildarsamtök. Nokkrir aðilar boðaðir til fundar; Mímir-símenntun, FA, Kvasir og Símennt. Við bættust fulltrúar frá Námsflokkum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Fjölmenn og Starfsmenn og Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins. Smári situr nú í hópnum fyrir hönd Kvasis. Hópurinn hefur komið tvisvar saman. Málin standa þannig að á síðasta fundi var samþykkt að unnið yrði að því að stofna heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila. Til að byrja með héldu menn sig við ofangreind samtök, og e.t.v. fleir sem væru óformleg. Í byrjun desember eiga að vera tilbúin drög að samningi. Í kjölfarið verði síðan auglýstur stofnfundur. Smára hugnast betur að hver símenntunarmiðstöð gerist aðili frekar en Kvasir. Umræður og fyrirspurnir engar.

b) Menntabréuarsamningurinn er í höfn segir Inga Sigurðardóttir. Eftir er að undirrita samninginn, við hátíðlega athöfn.

c) Búið að skipa samstarfsnefnd þriggja aðila: Kvasis, HA og HÍ. Jón Hjartarson og Inga eru fyrir hönd Kvasis. Nefndin hefur ekki enn komið formlega saman. Ýmis praktísk atriði sem nefndin á að fjalla um eins og próf fjarnema og fl. Tillaga um að skrifa undir þennan samning í kringum 1. desember. Inga tekur að sér að skoða þetta. Inga minnir á að hver miðstöð hefur eitt atkvæði í kostningum um tillögur.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

2. Tillögur og ályktanir

a) Tillaga frá stjórn Kvasis.

„Félagsfundur Kvasis samtaka um fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn á Egilsstöðum 19. nóv. 2004 samþykkir að skráningargjald fyrir nema sem stunda reglubundið fjarnám og er skráður þjónustuþegi fræðslu- eða símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis verði það sama á öllum miðstöðvunum.

Innifalið í gjaldinu er:

Aðgangur að reglubundnum fyrirfram ákveðnum myndfundum frá viðkomandi háskóla, aðgangur að námsveri – vinnuaðstöðu á auglýstum opnunartíma.

Aðgangur að tölvuveri – þráðlausu neti fyrir fartölvur. Kaffi og te og annað sem ákveðið er á hverjum stað. Ljósritun gegn lágmarksgjaldi (10 kr).

Skráningargjald er 2500/5000 kr á önn og tekur eðlilegum verðlagsbreytingum. Félagsfundur Kvasis tekur ákvörðun um breytingar á gjaldinu”.

Umræður um tillöguna. Nefnt m.a. að tillöguna þurfi að skilgreina betur. Hjá MSS eru ekki gerðar neinar athugasemdir við gjaldið sem er 10.000 kr á önn.. Katrín sér ekki hvernig við getum „ekki fengið greitt fyrir þetta”. Katrín leggur fram breytingatillögu. Smári spyr um hvað „skráður þjónustuþegi sé” og honum finnst að háskólarnir ættu að innheimta þessi gjöld. Inga svarar því hvað „skráður þjónustuþegi sé”. Það er nemandi sem háskólinn hefur beðið okkur fyrir.

Breytingatillaga:

„Félagsfundur Kvasis samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni haldinn á Egilsstöðum 19. nóv. 2004 samþykkir að tveir til þrjú fulltrúar Kvasis taki að sér að móta tillögur að samræmdu þjónustugjaldi sem kynnt verði á næsta félagsfundi Kvasis”.

Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum og einn sat hjá.

b) Tillaga frá stjórn.

„Félagsfundur Kvasis samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva haldinn á Egilsstöðum 19. nóvember 2004 samþykkir að

Samtökin ráði framkvæmdastjóra Kvasis í 20% starf frá og með næsta starfsári (frá aðalfundi 2005)

Formaður Kvasis hverju sinni ráðstafar starfinu í samráði við stjórn Kvasis.

Laun skulu taka mið af launum framkvæmdastjóra miðstöðvanna”.

Umræður um tillögurnar. Smári vill ekki ráða framkvæmdarstjóra hjá Kvasi. Telur þetta miklu stefnubreytingu. Vill fresta þessu til vorfundar. Bergþóra talar um að fela fleirum verkefni á vegum stjórnarinnar. Vill sjá reglulega fundi í fjarfundabúnaðinum.

Inga talar um framkvæmdarstjórastöðuna og bendir á að formaður hverju sinni ráðstafi starfinu. Hann getur tekið þetta að sér sjálfur og fengið þá aðra í hlutastarf fyrir þennan pening. Katrín nefnir að hún hafi skilið þetta þannig að greiðslan fylgdi

hverjum formanni og hann nýtti þá greiðsluna innan sinnar stöðvar. Talar um tillöguna frá Bergþóru varðandi fundi í fjarfundabúnaði þannig var þetta í upphafi.

Það er verið að senda póst nú þegar frá stjórn út á miðstöðvarnar en það virkar ekki eins og það á að virka. Það þarf að fylgja eftir með símtölum. Telur það gleðilegt ef það er hægt að virkja fólk meira. Sigurður telur tillöguna um 20 % laun skynsama. Formaður geti þá sjálfur ákveðið hvernig hann ráðstafar peningunum. Styður að þessi mál verði færð til vorfundar. Hvetur okkur til að vera virk í umræðunni. Guðrún tekur undir það að miðstöðvarnar séu virkar. Telur að hægt sé að dreifa verkefnum. Bendir á að það að halda úti heimasíðu sé mikil vinna. Bendir á að ef við fáum tölvupóst að lesa hann af athygli og með góðu skipulagi sé hægt að virkja meðlimi félagsins án þess að það sé mjög íþyngjandi. Umræður áfram um dreifingu verkefna frá stjórn, bæði varðandi samvinnu og kynningar og fjarfundi. Inga bendir á að allir geti beðið um félagsfund. Smári telur það vel koma til greina að halda mánaðarlega fundi í fjarfundabúnaði. Katrín nefnir dæmi um þegar verkefni voru framundan og hún bað um þátttöku annarra og engin gat sinnt því.

Frávísunartillaga um að tillögu stjórnar um laun (20 %) til framkvæmdarstjóra verði vísað til vors, samþykkt með 6 atkvæðum með og einn var á móti.

c) Tillaga frá Bergþóru

„Félagsfundur Kvasis leggur til að Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni haldi til reynslu reglulega fundi og nýti til þess þá tækni sem miðstöðvarnar hafa yfir að ráða. Stjórn Kvasis haldi utan um fundina og stýri þeim”.

Samþykkt með 6 atkvæðum og enginn á móti.

d) Tillaga frá Katrínu:

„Félagsfundur Kvasis samtaka um fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni haldinn á Egilsstöðum 19. nóv. 2004 samþykkir að standa sameiginlega að samningsgerð vegna þjónustu við fjarnemendur sameinaðra skóla: Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík”.

Katrín fylgdi tillögunni eftir. Bergþóra er þegar búin að semja við Tækniháskólann. Telur forsendur nú breyttar vegna sameiningar THÍ og Háskólans í Reykjavík. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

- a) Samþykkt að Bryndís, Ína og Bergþóra taki að sér að móta tillögur varðandi gjaldskrá stöðvanna fyrir vorfundinn.
- b) Tillaga um að Sigurður Ólafsson fari í stjórn Menntabráar sem fulltrúi Kvasis. Tillagan samþykkt samhljóða.

Inga tekur til orða og þakkar fundarmönnum fundarsetuna. Eftir er að ákveða hver á að hýsa vorfundinn. Telur Vesturland vera næst á dagskrá. Smári kemur með tillögu um að stjórn taki það saman hvar fundirnir hafi verið verið haldnir. Formaður felur ritara að taka saman hvenær og hvar fundir Kvasi hafi verið haldnir. Inga þakkar samveruna og óskar mönnum góðrar heimferðar.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Haustfundur Kvasis á Egilsstöðum, 18. og 19. nóv., 2004.

Fyrri dagur: Á fundinn eru mætt, Sigurður Ólafsson frá Fræðsluneti Austurlands, Guðrún Kristín Jónasdóttir, frá Fræþingi, Ásta Laufey Þórarinsdóttir stjórnarmaður Fræþings, Arnar Hjaltalín, stjórnarmaður Visku, Bergþóra Þórhallsdóttir, framkvæmdarstjóri Visku, Ína Sæmundsdóttir forstöðumaður MSS, Smári Haraldsson framkvæmdarstjóri og Þuríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Símeý, Inga Sigurðardóttir, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Ása Björk Stefándóttir, stjórnarmaður Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Emil Björnsson frá FNA og Íris Lind Sævarsdóttir, skrifstofustjóri FNA og Laufey Eiríksdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá FNA, Guðjónína Sæmundsdóttir frá Símenntunarmiðstöð Suðurnesja og Bryndís Þráinsdóttir frá Farskólanum.

Dagskrá

- 8. Hlutverk og framtíð Kvasis. Inga Sigurðardóttir**
- 9. Nefndarstörf FS net. Pétur Ingi Björnsson**
- 10. Uppbygging námsvera. Bryndís Þráinsdóttir**
- 11. Matur**
- 12. Kynning og umræður um starfshóp menntamálaráðuneytisins er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Hópvinna.**
- 13. Stéttarfélagsaðild starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.**
- 14. Háskólanámssetur FNA- Líneik Sævarsdóttir, Laufey Eiríksdóttir, Sigurður Ólafsson**

Sigurður Ólafsson bauð gesti velkomna og bauð Ingu Sigurðardóttur, formann Kvasis, velkomna í ræðustól. Inga bauð gesti velkomna og bað menn að kynna sig. Enginn fulltrúi er frá Fræðsluneti Suðurlands að þessu sinni en Inga bar fundinum kveðju frá Jóni Hjartarsyni, forstöðumanni. Inga kynnti dagskrá báða dagana og breytingar á henni.

Fundarstjóri tilnefndur. Tillaga um Þorvald Jóhannesson og fundarritarar: Bryndís Þráinsdóttir og Sigurður Ólafsson. Tillögur samþykktar. Gengið til dagskrár.

1.Hlutverk og framtíð Kvasis: Inga Sigurðardóttir.

Inga rekur sögu Kvasis og rifjar upp hlutverk samtakanna. (Sjá fylgiskjal 1.) Kvasir er sameiginlegur vettvangur skoðanaskipta, fundir haldnir haust og vor og félagsfundir á milli.

Kvasir er líka hagsmunasamtök fyrir hönd miðstöðvanna. Sér um skýrslugerð og upplýsingagjöf. Samhæfing varðandi þjónustu og fleira.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Kynningarstarf hefur aukist mikið. Inga talar um að Kvasir þyrfti að vera með heimasíðu, kynningargögn og fl. Inga talar um samskipti við blaðamenn, fréttatilkynningar, nemendur og fl.

Framkvæmd verkefna fyrir hönd Kvasis er í höndum stjórnar Kvasis. Í stjórn er skipt um formann árlega. Róterandi stjórnarseta og formennska. Inga talar líka um gallana á núverandi fyrirkomulagi. Til dæmis flytjast gögn illa á milli félagsmanna, á milli stjórna. Formenn stjórna, hverju sinni, telja sig ekki getað sinnt þessu starfi nógu vel vegna annarra verkefna. Inga kemur með tillögur að lausn, t.d. ráða starfsmann í 20 % starf, eða borga formanni 20 % laun. (Sjá umræður, aftar)

2. Pétur Ingi Björnsson gerir grein fyrir sínum nefndarstörfum.

Í gangi er stefnumótunarvinna hjá stjórn FS netsins. Verið að skoða það sem búið er að gera og athuga framtíðarmöguleika.

Utanlandsgáttin er alltof lítil. Búið er að ákveða að hún verði stækkuð verulega svo að hún verði ekki flöskuháls á umferð. Vandamál með samninginn við Skýrr. Ekki hægt að biðja um breytingar nema eyða í það stórfé. Utanlandsgáttin er þegar farin að kosta stórfé. Erlent niðurhal er sífellt að lækka í verði, en samningurinn við Skýrr bindur verðið. Nú er verið að reyna að fá Skýrr til að lækka verðið. Ef þeir samþykkja það ekki verður samningnum sagt upp (vankantar eru á samningnum sem gera það mögulegt). Samningnum verður sennilega sagt upp. Miklar tæknilegar framfarir hafa orðið og miklir möguleikar á að bæta þjónustuna og skera niður óþarfa kostnað. Þrjár aðilar er skipta með sér stefnumótunartíminni. Pétur Ingi og Ágúst:

Utanlandsgátt tvöfölduð árlega

Eftirlit með brotum FS netsins. Reglubrot lækki um 10% á ári (brot er t.d. niðurhal á bíómyndum - Því fylgja hótanir um kærur frá framleiðendum kvikmynda).

Endurskipulagning tenginga með fækkun tengipunkta á að ljúka fljótlega

FS netið verði komið með eigin sambönd fyrir a.m.k. 20% lægri kostnað en áður

Skipta upp netinu þannig að höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin með aðskilda utanlandsskrá. Auðveldara að ná samningum um Reykjavíkursvæðið.

Framtíðin er sú að við eigum FS netið meira sjálf. Tengslin við Landssímann eru til trafala.

Samningurinn við Skýrr. Búið er að taka sjö mánuði að fá stækkun á utanlandsgátt.

Gáttin er núna 10 megabæt. Stækkun upp í 20 kostar skv. Samningnum 1,7 millj.

Þetta er hægt að kaupa úti í bæ fyrir 300 þús. Það eru hins vegar atriði í

samningnum sem er ekki verið að uppfylla (quality of service- bankarnir virðast hafa forgang á umferð milli 16:00 og 18:00). Spurningin er hvernig er hægt að segja

samningnum upp. Getu þeir lokað á okkur strax eða verður ákveðinn

umþóttunartími? Þessi mál er verið að skoða með lögfræðingum.

3. Bryndís Práinsdóttir- Uppbygging námsvera.

Byrjaði á að fara yfir skilgreiningu á námsveri skv. byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

Sagði frá Námsstofu Skagastrandar sem hefur það markmið að styrkja og auka fullorðinsfræðslu og fjarnám á Skagaströnd. Þetta er grasrótastarf. Bryndís fór yfir aðstöðu og kostnað. Ráðinn var starfsmaður í 25% starf strax í byrjun.

Starfsmaðurinn á að styrkja og auka fjarnám með því að hvetja til náms, styðja við fólk í fjarnámi og sjá um reksturinn.

Framtíðarsýnin er sú að gamli barnaskólinn verði standsettur, setrið verði tengt inn á FS netið, sýnntun aukist og styrkist og að ríkið komi að rekstrinum. Þessi uppbygging er algerlega að frumkvæði heimamanna.

Námsver á Dalvík. Spratt upp úr byggðaáætlun fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Byrjað var á að kanna áhuga á fjarnámi, sem reyndist vera mikill og mikill áhugi á námsveri.

Bryndís fór yfir markmið námsversins á Dalvík. Svanfríður Jónasdóttir á frumkvæði að stofnun námsversins.

Bryndís vil vekja á huga á þessum grasrótaráhuga og hvetja til umræðna:
Hvernig vill ráðuneytið sjá þetta?
Hvernig viljum við sjá þetta?

5. Kynning og umræður um starfshóp menntamálaráðuneytisins er fjallar um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir.

Katrín gerir grein fyrir nefndarstörfum sínum í stóru nefndinni. (Sjá fylgiskjal 3) Tekur fram að þetta eru hennar sjónarmið. Haldnir hafa verið 10 fundir. Nefndin ekki enn búin að skila af sér. Fyrir hönd Kvasis eru Katrín og Inga Sigurðradóttir (í fjarveru Jóns Hjartarsonar). Nefndarstarfið, kynning, hugmyndavinna og hópvinna.

Starfshópurinn á líka að koma með tillögur til ráðuneytisins. Þessi nefndarstörf eru svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur á Alþingi frá því haustið 2003. Hópurinn á að móta framtíðarsýn og hvernig á að ráðstafa fjármunum ráðuneytisins.

Katrín segir frá 10 fundum sem haldnir hafa verið.

Fundur 1. Farið yfir skipunarbréf. Talið að nám í heimabyggð fari vaxandi, hvernig skal bregðast við. Svo virðist sem ekki eigi að setja meiri peninga í þennan flokk.

Fundur 2. Viðhengiskönnun skoðuð. Skýr munur á hópi frá höfuðborgarhópi og landsbyggð. Kvasir kynnti hugmyndina að grunnverkefnum og sérverkefnum.

Fundur 3. Skýrsla vinnuhóps um háskólanámssetur á Vestfjörðum kynnt. Farið yfir framlög hins opinbera til símenntunar 2004. Skoðuð meðaltekjuskipting miðstöðvanna og tölur um fjarnema vorið 2004.

Fundur 4. Aðalsteinn Eiríksson var gestur og kynnti niðurstöðu skýrslu starfshóps. Hann telur að fjarnám og fjarkennsla lúti sömu lögmálum og önnur kennsla og nám. Allt lögbundið framhaldsskólanám skuli vera gjaldfrjálst áfram

Fundur 5. Gísli P. Magnússon var gestur. Hann kom frá fjármálasviði mmr. Niðurstaða að viðbótarkostnaði vegna fjarnáms yrði ekki bætt inn í líkan háskólanna. Gísli varpaði ljósi á samningana sem við erum að gera við ráðuneytið, símenntun er ekki inni í þeim samningum.

Fundur 6. Lagðar fram af mmr. Fjórar leiðir. 1. Föst upphæð vegna fræðslu og símenntunarmiðstöðva. Leið 2. Veita fé til einstakra háskólanámssetra til að kaupa námskeið af háskólum. Leið 3. Netháskóli. Leið 4. Staðgreiðslukerfi. Mesta umræðan varð um staðgreiðslukerfið. Upp úr því kom fram tillaga á næsta fundi.

Fundur 7. Háskólanám greitt m.v. þreyttar einingar (nefnt 2.500 kr á einingu). Niðurstaða var ákveðinn skilgreiningarvandi því ef ætti að greiða fyrir hverja einingu þá má spyrja hvenær hefur nemandi þreytt einingu. Er það miðað við próf eða kennsluáðstöðu. Þarf að finna raunverulegan kostnað fjarnemans.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Fundur 8. Hugmyndir Rögvaldar og Katrínar lagðar fram. Raunverulegur kostnaður miðstöðvanna er mest tengdur húsnæði, starfsfólki og tækjabúnaði. Skilvirkasta fjármögnunarkerfið byggist á raunverulegum rekstrarforsendum. Það er erfitt að eiga við fjöldatengt kerfi.

Fundur 9. Nýjar hugmyndir komnar fram hjá ráðuneyti. Það kynnir uppbyggingu þekkingarnets á landinu. Ekki samkvæmt svæðaskilgreiningu miðstöðvanna 9. Tillögur frá Rögvaldi, Katrínu og Ingu. Gögn lögð fram en ekki rædd ýtarlega. Hljómgrunnur ekki mikill.

Fundur 10. Á milli 9. og 10. funda átti ráðuneytið að vinna hugmyndir. Gagnrýni fulltrúa Kvasis. Vilja lausnir ekki bara hugmyndir. Talað eingöngu um háskólanám en önnur hlutverk látin liggja á milli hluta. Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva er eingöngu tengt símenntun. Eins og ráðuneytið telji að háskólanámið sé bara tilviljun hjá stöðvunum. Eru svolítið fastir í skilgreiningum á símenntunarmiðstöð, þekkingarsetri og fræðasetri. Eins og ráðuneytið telji að það eigi eftir að staðsetja háskólanámið þótt við vitum að það er búið að staðsetja það. Við þurfum skýrari svör um hlutverk miðstöðvanna. Niðurstaða að menn yrðu að setjast niður og hugsa og síðan verður fundur í lok nóvember.

Katrín óskar eftir fyrirspurnum um störf nefndarinnar.

Sjá umræður aftar.

Kynningar á tillögum um ríkisframlag

Skilgreina grunngerð enn skýrar en áður. Þetta eru laun forstöðumanns.

Starfsaðstaða fyrir forstöðumann, rekstur og viðhald heimasíðu, FS netið og menntabruin og fleira. Hvað á forstöðumaður að gera: Skipta í prósentuhlutföll, stjórnun og rekstur miðstöðvarinnar, hvatning (hvaða hvatning), kynningar, veita aðgang að upplýsingum, eiga frumkvæði að þróun fræðslumála og fleira. Þessi grunngerð kosti 10.000.000 og jafnt til allra miðstöðva.

Aðstaða til fjarnáms. Kennsluaðstaða. Kostnaður við að reka kennslustofu, umsjón, aðstaða, tækjabúnaður. Ein eining kennsluaðstöðu sé 50 % starf. Á eftir að skilgreina hversu margar einingar hver miðstöð á að hafa (Sjá fylgiskjöl). Kennsluaðstaða getur verið hreyfanleg frá stað og tíma.

Námsverin eru greidd af sveitarfélögunum. Mjög áhugavert að hver miðstöð eigi yfir að ráða einu ígildi námsvers og gerð kostnaðaráætlun út frá því eða 30 % starfshlutfall.

Önnur þjónusta eins og prófataka, námsráðgjöf og fl. Tillögur um að ákveðið hlutverk sé ríkisframlag. Það þarf að vera tvöfalt bókhald. Menn vilja sjá þessa skiptingu á pappírnum. Bókhald fyrir ríkisframlagið og bókhald fyrir sérverkefni.

Þessar tillögur eru ekki fullmótaðar, Sérverkefni með stuðningi frá ríkinu eins og íslensku fyrir nýbúa og hvernig menn vilja vinna með ný tækifæri til náms.

Háskólarnir munu ekki taka þátt í auknum kostnaði eins og vegna prófatöku, þeir munu þá ekki bjóða upp á fjarnám. Við þurfum að forgangsraða. Í

Háskólanámssetrunum er búið að tryggja háskólanámið næstu þrjú árin.

Emil ræðir tillögur Katrínar og Ingu. Telur þurfa að standa vel að málum vegna nemandans. Hlutverkið er að annast vel nemendur okkar í háskólanáminu. Ekki víst

að hefðbundinn háskóli eigi sér langa framtíð. Við komum inn með hagsmuni nemenda okkar að leiðarljósi.

Katrín bendir á að embættismenn hafa aðra sýn en stjórnámálamenn. Það er staðreyndin að peningar ráði úrslitum í þessu máli.

Laufey bendir á nemendur í erlendum skólum. Þeir eiga eftir að aukast. Þeir eru velkomnir til FNA.

Inga bendir á að miðstöðvarnar séu að lenda í erfiðleikum vegna háskólanemanna. Ína segir að þau taki gjald af fjarnemum. Fleiri gera það.

Inga segir frá spurningablaði sem er í sjö liðum (sjá spurningablað). Skiptir í hópa. Vinna í spurningunum í klukkutíma. Skila álit í pontu og skriflega. Stjórn Kvasir og síðar fulltrúar nefndarinnar munu vinna úr þessum upplýsingum. Kynningar á tillögum um ríkisframlag Niðurstöðum hópavinnu skilað til fundarmanna.

Starfshópur menntamálaráðuneytisins.

Álit vinnuhóps 2.

1. spurning:

- g. Verkefni forstöðumanns er m.a. að safna og skrá upplýsingar.
- h. Spurning hvort framlag vegna ferðakostnaðar eigi að vera sá sami hjá öllum miðstöðvunum. Þessi upphæð er sennilega of lág.
- i. Háskólanemar við erlenda háskóla skulu hafa sömu stöðu og þeir er nema við innlenda skóla.
- j. Hópurinn spyr hvers vegna sé ódýrara að reka námsver en kennsluáðstöðu.
- k. Próftaka er órjúfanlegur hluti náms, þ.á.m. hjá fjarnemum.
- l. Hvaða tækniástoð er rætt um í „Annarri Þjónustu“?

2. spurning:

- d. Við viljum fá greitt fyrir það.
- e. Engu skiptir hvort skólarnir eru ríkisreknir eða „einkareknir“.
- f. Ekki sammála/ekki viss.

3. spurning:

Nei.

4. spurning:

Samræma þjónustu og gjaldskrá gagnvart nemendum og háskólum innan sama svæðis, en varla er hægt að samræma gjaldskrá milli miðstöðva. Kvasir fari fari í viðræður við háskólana vegna kostnaða við próf.

5. spurning:

Sá sem notar aðstöðu miðstöðvanna, m.a. til að taka próf. (Einnig nætti nota má skilgreiningu í 3. lið tillagna I, K og J).

6. spurning:

Fjarnámssvæði er ákveðið samgöngusvæði, svo sem í einnar klukkustunda fjarlægð frá námsveri. Fjarlægðin á þó ekki að vera ráðandi. Sama gildir um alla háskóla.

7. spurning:

- d.
- e. Það er snýr að námi og kennslu er þetta allt meira og minna það sama. Með þekkingarsetri er einnig verið að ræða um rannsóknarstarfsemi.
- f. Símenntunarmiðstöðvarnar eiga að reka háskólanámssetrin.

Hópurinn skipaður, Emil, Bryndís, Puríður, Arnar og Smári.

Hópur 3

1. Já
2. Nei
 - d) Það þýðir að það mundi þrengja að þeirri þjónustu sem veitt er háskólanemum nú þegar. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar flestar eru að sinna þessari þjónustu við háskólana í dag.
 - e) Við teljum að fræðslu"netin" geri ekki greinarmun á því
 - f) Nei
3. Ekki framtíðarlausn, en engu að síður er þetta skref fordæmisgefandi. Fræðslumiðstöðvarnar vinni áfram að því að afla fjármagns til námsvera.
4. Já a) og b)
- 5.
6. a) nei ekki eingöngu. Það þarf að þarfagreina svæðin samhliða. Erum hlyntar tillögu um fagråd (liður 3 vantar inn háskólanám og fagråd)
- b) Það mætti vera en ekki ýkt.
7. Í hópnum er ósætti við þróunina . Allt of tilviljanakennt. Form ekki yfirfært á milli landssvæða. Allir þurfa að hefja vinnuna frá grunni á hverju landssvæði.
- b) nei
- c) Við ættum að fá viðurkennt að okkar hlutverk sé að sjá um háskólanámið á þessum svæðum.

Inga þakkar fyrir þessa vinnu hópanna. Næsti fundur í nefndinni er næsta fimmtudag. Óskar Inga eftir niðurstöðum, skriflegum frá hópnum í síðasta lagi næsta mánudag. Leggur til að við förum með spurningarnar inn í miðstöðvarnar og hver miðstöð svari þessum spurningum skriflega. **Svara þessu með stjórn sem allra fyrst eða fyrir 10 desember.**

6. Stéttarfélagsaðild starfsmanna fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Emil Björnsson.

Emil kynnir í hvaða stéttarfélagi starfsmenn stöðvanna eru. Virðist ekki vera nein ein lína í þessum málum. Það þarf að ganga á fund KÍ og ræða þessi mál. Emil leggur þessar upplýsingar fram. Laufey bendir á að KÍ félagar á Egilsstöðum séu félagalausir núna þar sem búið er að reka þá úr skólastjórafélaginu ásamt fleirum. Starfsfólk á skólaskrifstofum eru að hugsa um að stofna sér deild innan KÍ. Umræður líflegar um þennan lið.

Ása Björg stjórnarformaður hjá símenntunarmiðstöð Vesturlands kveður fundinn og fer í flug.

Emil biður stjórn að skoða listann og taka málið til skoðunar. Emil falið að skoða þetta mál áfram.

7. Háskólanámssetur FNA

Líneik Sævarsdóttir lýsti aðdraganda stofnunar háskólanámsseturs á Egilsstöðum. Boltinn hefur rúllað hratt síðan FNA var stofnað. Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað úr 20-30 í 190 á þessari önn. Hún lýsti hugmyndavinnu um háskólastarfsemi á

Austurlandi, m.a. með Háskólanum á Akureyri, en þær hugmyndir runnu allar út í sandinn. Svo var stofnaður vinnuhópur árið 2002 með aðkomu A-Héraðs,

Próunarstofu Austurlands, FNA og Skógræktarinnar. Út úr því kom skýrsla þar sem í er hugmynd um þekkingarsetur. Menntamálaráðherra keypti hugmyndina, þ.e. háskólanámsseturshlutann af henni. Stofnaður var vinnuhópur um verkefnið sem í voru m.a. Emil Björnsson. Niðurstaðan varð sú að lagt var til að stofna háskólanámssetur sem myndi tengjast fyrirhuguðu þekkingarsetri. Lagt var til að FNA myndi reka setrið og að það fengi fjármuni á fjárlögum. Fjárveiting var tryggð í gegnum samkomulag menntamálaráðuneytis og iðnaðaráðuneytis um byggðamál. Háskólanámssetrinu voru því tryggðir fjármunir í þrjú ár. Í samningnum við menntamálaráðuneytið voru þrjú markmið með verkefninu: Að stuðla að auknu framboði háskólanáms í fjórðungnum, að leita leiða til að tengja stafsemi háskólanámsseturs við atvinnulíf í fjórðungnum og að taka þátt í þróun fjarnáms.

Laufey Eiríksdóttir lýsti búnaði, notkun og þjónustu setursins.

Laufey sagðist hafa klárað nám á fjarnámsformi- nám í ferðamálafræði. Þar kynntist hún af eigin raun raunum fjarnemans. Hún sagðist þjóna öllum fjarnemum á svæðinu, ekki bara þeim sem nota setrið. Laufey lýsti því næst búnaði setursins. Laufey sagði að þjónusta setursins væri byggð á fyrirmynd Háskólans á Akureyri. Ráðgjöf til nemenda, ráðgjöf við heimildarvinnu, millisafnalán, útseld vinna ráðgjafa (bókasöfn-markviss), leiga á húsnæði og búnaði.

Laufey lýsti vandræðum með hugbúnað og notendaleyfi. Illa hefur gengið að fá forritin frá háskólanum. Laufey áréttaði mikilvægi þess að miðstöðvarnar stæðu saman um að krefjast þess að háskólarnir skaffi leyfi.

Laufey sagði plássleysi vera farið að há starfseminni. Sérstaklega vantar lesaðstöðu, þar sem sú aðstaða sem er fyrir hendi er fyrst og fremst kennsluáðstaða. Laufeyju finnast myndfundir ekki vera nægilega margir- fjöldi myndfunda er ca. 14-15 fundir á viku. Laufey sagði fyrst og fremst vanta vinnuáðstöðu fyrir starfsmenn, aukið rými til að bjóða nýjum hópum inn, rými fyrir enn stærri hópa til fundahalda og námskeiða og sérstaka lesaðstöðu fyrir nemendur.

Sigurður Ólafsson kynnti áfram starfsemi Háskólanámssetursins. Kynnti hugmyndir að Þekkingarráði Austurlands. Umræður um Háskóla- og þekkingarsetrin. Líneik bendir á að á Egilsstöðum, Húsavík og Ísafirði hafi menn byrjað á mismunandi punkti í uppbyggingunni setranna en væntanlega muni það samt leiða til sömu niðurstöðu. Rætt um nefndina sem Katrín og Inga sitja í. Menntamálaráðuneytið hefur látið hafa það eftir sér að byggðamál séu ekki á þess herðum. Inga telur að ráðuneytin vinni ekki vel saman. Fjármunir til háskólanámssetursins hefur dreifst víða um svæðið, geta boðið upp á þjónustuna um allt svæðið.

Sigurður bendir á að við verðum að vera aktív í að móta stefnuna. Þó menn fari ólíkar leiðir vilja menn sjá sömu niðurstöður. Katrín bendir á að ráðuneytismenn vilji ekki sjá sömu niðurstöðu varðandi miðstöðvarnar. Katrín bendir á að framtíðarsýn sé ekki nóg heldur þurfi lausnir núna í sambandi við miðstöðvarnar.

9. Forstöðumenn miðstöðvanna greindu frá starfsemi þeirra



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Guðrún Kristín Jónsdóttir greindi frá starfsemi Fræþings
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir greindi frá starfsemi Símeý
Smári Haraldsson greindi frá starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða
Bryndís Þráinsdóttir greindi frá starfsemi Farskólans
Bergþóra Þórhallsdóttir greindi frá starfsemi Visku
Guðjónína Sæmundsdóttir greindi frá starfsemi Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Sigurður Ólafsson greindi frá starfsemi Fræðslunets Austurlands
Inga Sigurðardóttir greindi frá starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar Vesturlandi



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Annar félagsfundur Kvasis 2005

Haldinn mánudaginn 4. febrúar, klukkan 10:00, í myndmenntabúnaði.

Mætt eru: Inga Sigurðardóttir, formaður, Brynjar Ingason, Guðrún Jóhannsdóttir, Emil Björnsson, Bryndís Práinsdóttir, Jón Hjartarson, Ásmundur Sverrir Pálsson og Bergþóra Þórhallsdóttir. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir og Ina Sæmundsdóttir boðuðu forföll.

Inga bauð fundarmenn velkomna og kannaði hverjir væru mættir..

Dagskrá

1. Undirúningur fyrir fund með Háskólanum á Akureyri 6. og 7. apríl.
2. Önnur mál.

1. **Undirbúningur fyrir fund með Háskólanum á Akureyri.** Rætt um dagskrá fundarins á Akureyri. Rætt um háskólakynninguna. Inga, formaður, upplýsti að enn væri beðið eftir niðurstöðu starfshóps menntamálaráðherra. Ákveðið að fara skipulega yfir viðauka með drögum að samningi við Háskólann á Akureyri lið fyrir lið.

1. **Nám í boði.** Umræður urðu um liðinn 1.1.3. þar sem fjallað er um lágmarksfjölda nemenda á hverjum stað. Emil nefndi að ekki yrði um nám að ræða á minni stöðum ef menn héldu sig við lágmarksfjölda. Jón benti á að námshóp gætu myndað nemendur frá fleiri en einum stað. Það sé okkar að ráða því hvar við opnum myndfundabúnað. Ein rökin fyrir því að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar gerðurst eignaraðilar að Menntabrunni voru að leysa tæknileg vandamál í fjarkennslunni og auðvelda litlum stöðum að vera með. Nokkur dæmi nefnd eins og frá Austurlandi þar sem hjúkrunarnám hafði verið auglýst frá ákveðnum tíma og ekki orðið og frá Búðardal þar sem stóð til að hætta við kennslu vegna þess að nemendur voru 8 en ekki 10. Bergþóra spyr hvort ekki þurfi dagsetningar inn í lið 1.2. **Niðurstaða: Þessi liður verði tekinn til umræðu á Akureyri.**
2. **Kostnaður og fjármál.** Spurt um 15.000 krónurnar sem lagt er til að verði aðstöðugjald til stöðvanna með hverjum og einum nemanda, ætlar Háskólinn að greiða það til okkar eða eiga stöðvarnar að rukka þetta. Inga nefnir að stöðvarnar hafi verið að rukka eitthvert gjald. Ef af þessu verður er nauðsynlegt að þetta verð sé auglýst í upphafi og birt á vef Háskólans. Inga telur að stöðvarnar eigi að ákveða þessa upphæð. Ekki eru allir sammála um þessa gjaldtöku eins og t.d. Austurland og Suðurland. Á Suðurlandi er prinsippið að þau eru andvíg aukagjaldi á háskólanemendur í fjarnámi. Jón Hjartarson telur að rökin þurfi að vera sterk. Þetta yrði alls 60.000 kr ef af verður. Vill fá meiri opinberan „stimpil“ á gjaldið. Ef svo verður raunin að gjaldið komi til vill Jón að háskólarnir innheimti það og endurgreiði stöðvunum síðan. Ef af þessu verður er jöfnuður á milli háskólanema úr sögunni. Inga segir að þarna sé verið að verðleggja þjónustu stöðvanna. Grundvallatriði



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

að við verðleggjum þjónustuna sem við veitum. Síðan þarf að finna út hver á að borga. Ráðuneytið á fyrst og fremst að ákveða hver greiðir. Ef enginn vill greiða hvað gera stöðvarnar þá? Emil vill ekki að við rukkum sérstaklega enda telur hann ekki lagastoð fyrir því. Nemendur nýta sér mismunandi þjónustu eins og hjá Austurlandi. Emil vísar af fundi. Brynjar tekur undir með Jónu varðandi sérstök gjöld fjarnema. Guðrún taldi að 15.000 kr ættu að vera inni í skólagjaldinu og telur það fjarri að leggja sérstök gjöld. Inga tekur þetta saman. Telur okkur verða að verðleggja þjónustuna við fjarnemanna og ákveða hvað við viljum fá greitt fyrir. Síðan er að ákveða hver greiðir fyrir hana og hvað gerum við ef enginn vill borga.

- 3. Verkaskipting.** Bryndís segir verkaskiptinguna vera eins og hjá Farskólanum nú þegar. Guðrún spyr um FS netið og hvort ekki hafi verið ákvæði í honum um að honum mætti segja upp. Hún hefur reynt að segja honum upp á tveimur stöðum því sveitarfélögin neita að greiða enda ekki notað á stöðunum. Fékk þau svör frá stjórn FS netsins að hann væri ekki uppseggjanlegur á samningstímanum. Rökin voru þau, að sögn Jóns Hjartarsonar, að verðið var ekki ákveðið fyrir en búið var að sjá hverjir ætluðu að vera með. Guðrún segir að þessi kostnaður lendi á stöðinni sinni fyrir árið 2004. Jón telur að sveitarfélögin hljóti að bera einhverja ábyrgð í þessu máli, því þau hljóti að hafa vitað af því þegar tengt var. Bryndís spyr hvort menn vilji fá Pétur inn á fundinn. Ekki talin þörf á því. Inga bauð mönnum að ræða þetta frekar. Inga segir að búið sé að kostnaðargreina þessa þjónustu það þurfi að ákveða hver eigi að borga.
- 4. Staður...varðandi ferðir nemenda í staðbundnar lotur.** Bergþóra telur það ekki koma stöðvunum við að koma nemendum til Akureyrar í staðbundnar lotur. Inga tekur undir það. Engin ástæða til að vera að útvega húsnæði á Akureyri og þess háttar fyrir nemendur. Jón er sammála Ingu um að nemendur sjái sjálfir um þessar ferðir. Hann nefnir undirritun samninganna. Sér ekki ástæðu til að einhverjir staðir á Suðurlandi séu að undirrita samninginn. Við, fulltrúar stöðvanna undirritum samninginn og síðan ganga stöðvarnar frá samningum við staðina hver á sínu svæði. Getum gert sérsamninga við staðina. Vill ekki að Háskólinn sé að gera samninga beint við litlu staðina heldur beint við stöðvarnar. Hver stöð ber ábyrgð á sínu svæði og gerir síðan samning við sína staði, Vík, Hvolsvöll og svo frvs. Bergþóra taldi að þannig væru hlutirnir, að þessum málum væri stjórnað frá símenntunarmiðstöðvunum en síðan eru námsver rekin af sveitarfélögum og því eru sérstakar greiðslur til útibúanna frá miðstöðinni. Telur okkur verða að skoða þetta því getum ekki á sama tíma og við viljum að litið sé á okkur sem eitt svæði látið háskólann senda fimm rukkanir á sama svæði. Inga nefnir að meðan sveitarfélögin eigi búnaðina og reki þá verði þeir að hafa eitthvað um það að segja. Telur alla háskólasamninga verða að fara fram í gegnum miðstöðina. Inga nefnir dæmi af námi hjá sér þar sem nemendur höfðu samband beint við Háskólann til að breyta fyrirkomulagi á námi. Jón nefnir að þótt sveitarfélögin eigi búnaðina sé símenntunarmiðstöðin eini samningsaðilinn á sínu svæði. Annars missum við þetta úr höndunum. Guðrún og Bergþóra eru sammála þessu. Brynjar reynir að tjá sig um þetta en skruðningar of miklir. Inga spyr um dagskrána. Örlítið rætt um vorfundinn.
Niðurtaða: Að miðstöðvarnar semji við Háskólann og síðan semji þær



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

sjálfar við sína staði. Jón biður menn að vera staðfasta á prinsippunum sem séu þrjú: 1) Fjöldinn, stöðvarnar ráði hvar er opnað, 2) gjaldtakan, telur að ríkið eigi að borga háskólanámið, 3) forræði símenntunarstöðvanna á hverju svæði, símenntunarmiðstöðin verði samningsaðili.

2. Önnur mál. Spurt um stofnun samtaka fullorðinsfræðsluaðila. Ekki komið á hreint. Bryndís minnti á punktana frá Ínu sem hún sendi. Bergþóra ræddi um bókanir og stundarskrár, síðasta liðinn á dagskrá Háskólans á Akureyri. Bryndís nefndi að stundum setur háskólinn inn fundi og búnaðirnir eru ekki nógu margir. Þetta þurfa skólarnir að passa. Inga spyr menn hvort þeir vilji ræða vorfundinn. Bergþóra spyr um ósk Kristína Njáls um fund með stjórn stöðvanna. Flestir gera ráð fyrir því að af því verði. Jón óskar eftir því að hvítvínið verði vel kælt á vorfundinum. Inga segir að kvöldverðurinn verði um borð í skipi Sæferða og vonast hún eftir betra sjóveðri en síðast þegar hópurinn fór á sjó. Fundi slitið.

Fleira ekki ritað niður (stuðst við videoupptöku) ☺
Bryndís Þráinsdóttir